

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1971****2022/EES/76/09****frá 11. desember 2018**

**um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 (\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 <sup>(3)</sup> er ætlað að skapa innri markað fyrir rafræn fjarskipti innan Sambandsins og tryggja um leið öflugar fjárfestingar, nýsköpun og neytendavernd með aukinni samkeppni. Með þeirri tilskipun verður einnig til umtalsverður fjöldi nýrra verkefna fyrir hinn evrópska hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (hér á eftir nefndur BEREC-hópurinn), svo sem að gefa út viðmiðunarreglur um nokkur málafni, leggja fram skýrslur um tæknileg atriði, halda skrár, lista eða gagnagrunna og skila álitum um málsmeðferðarreglur innri markaðarins fyrir drög að landsbundnum ráðstöfunum um markaðsreglur.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 <sup>(4)</sup> styður við og eflir, að því er varðar reiki innan alls Sambandsins, reglurnar sem kveðið er á um í reglurammanum um rafræn fjarskipti og í henni er kveðið á um tiltekin verkefni fyrir BEREC-hópinn.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 125, 21.4.2017, bls. 65.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. nóvember 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 4. desember 2018.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10).

- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2120 <sup>(5)</sup> er mælt fyrir um viðbótarverkefni fyrir BEREC-hópin sem varða opinn netaðgang. Enn fremur hefur viðmiðunarreglum BEREC-hópsins frá 30. ágúst 2016 um framkvæmd landsbundinna eftirlitsaðila á evrópskum reglum um nethlutleysi verið tekið opnum örmum sem mikilvægri nánari útlístan á tryggingunni fyrir sterku, frjálsum og opnu Neti með því að tryggja samræmda beitingu reglnanna til að standa vörð um jafna og óhlutdræga meðhöndlun umferðar við miðlun netaðgangspjónustu og réttindi endanotenda sem henni tengjast.
- 4) Með tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja þróun á samræmdum eftirlitsvenjum og tryggja samræmda beitingu regluramma Sambandsins um rafræn fjarskipti kom framkvæmdastjórnin á fót, með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB <sup>(6)</sup>, evrópskum hópi eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (hér eftir nefndur ERG-hópurinn) til þess að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf og aðstoð við að styrkja innri markaðinn fyrir rafræn fjarskiptanet og rafræna fjarskiptaþjónustu og, á almennari hátt, til að koma á tengingu á milli landsbundinna stjórnvalda og framkvæmdastjórnarinnar.
- 5) BEREC-hópnum og skrifstofunni var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 <sup>(7)</sup>. BEREC-hópurinn kom í staðinn fyrir ERG-hópinum og var annars vegar ætlað að stuðla að þróun og hins vegar að bættari starfsemi innri markaðarins fyrir rafræn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu með því að vinna að því markmiði að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans fyrir rafræn fjarskipti. BEREC-hópurinn starfar sem vettvangur fyrir samstarf landsbundinna stjórnvalda og milli landsbundinna stjórnvalda og framkvæmdastjórnarinnar við að gegna öllum skyldum þeirra samkvæmt regluramma ESB. BEREC-hópnum var komið á fót til að leggja fram sérþekkingu og til að starfa sjálfstætt og á gagnsæjan hátt.
- 6) BEREC-hópurinn starfar einnig sem vettvangur íhugunar, umræðna og ráðgjafar fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina á sviði rafræna fjarskipta.
- 7) Skrifstofunni var komið á fót sem stofnun Bandalagsins með réttarstöðu lögaðila til að sinna þeim verkefnum sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1211/2009, einkum veitingu faglegs og stjórnsýslulegs stuðnings við BEREC-hópin. Í því skyni að styðja BEREC-hópin á skilvirknan hátt var skrifstofunni veitt lagalegt, stjórnsýslulegt og fjárhagslegt sjálfræði.
- 8) Fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna ákváðu með ákvörðun 2010/349/ESB <sup>(8)</sup> að skrifstofan mundi hafa aðsetur sitt í Riga. Samningurinn um höfuðstöðvarnar milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands og skrifstofunnar öðlaðist gildi hinn 5. ágúst 2011.
- 9) Í orðsendingu sinni frá 6. maí 2015 sem nefnist „Áætlun um stafrænan innri markað fyrir Evrópu“ sá framkvæmdastjórnin fyrir sér að leggja fram, árið 2016, tillögur að metnaðarfullum endurbótum á reglurammanum fyrir rafræn fjarskipti, m.a. með áherslu á skilvirkari regluramma stofnana til að koma því til leiðar að reglurnar um rafræn fjarskipti þjóni tilgangi sínum sem hluti af því að skapa réttu aðstæðurnar fyrir stafræna innri markaðinn. Á meðal þeirra má telja útbreiðslu á netum með mjög mikla flutningsgetu, samræmdari stjórnun á fjarskiptatíðnirófinu fyrir þráðlaus net og sköpun jafna samkeppnisskilyrða fyrir þróuð stafræn net og þjónustunýjungar. Í þeirri orðsendingu var bent á að yfirstandandi breytingar á markaðnum og tækniumhverfinu gerðu það nauðsynlegt að styrkja stofnanarammann með því að auka mikilvægi hlutverks BEREC-hópsins.
- 10) Í ályktun sinni frá 19. janúar 2016 sem ber yfirskriftina „Í átt að lögum um stafrænan innri markað“ hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til þess að samþætta stafræna innri markaðinn enn frekar með því að tryggja að skilvirkari stofnanarammi sé til staðar.

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB frá 29. júlí 2002 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 frá 25. nóvember 2009 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta (BEREC) og skrifstofu hans (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun frá 31. maí 2010 sem er tekin með samhljóða samkomulagi fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna um staðsetningu höfuðstöðva hins evrópska hóps eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta (BEREC) (2010/349/ESB) (Stjtið. ESB L 156, 23.6.2010, bls. 12).

- 11) BEREC-hópurinn og skrifstofan hafa komið með jákvætt framlag í áttina að því að ná samræmi í framkvæmd reglurammans fyrir rafræn fjarskipti. Aftur á móti er enn umtalsvert misræmi á milli aðildarríkja að því er varðar eftirlitsvenjur, sem hefur áhrif á fyrirtæki sem stunda viðskipti yfir landamæri eða eru með starfsemi í umtalsverðum fjölda aðildarríkja, þ.m.t. þar sem BEREC-viðmiðunarreglur eru fyrir hendi en mætti þróa frekar. Markmiðið með þessari reglugerð er að styrkja stöðu BEREC-hópsins til að stuðla frekar að þróun innri markaðarins fyrir rafræn fjarskipti um allt Sambandið ásamt því að yta undir aðgang að og uppsetningu á netum með mjög mikla flutningsgetu, samkeppni í framboði á rafrænum fjarskiptanetum, þjónustu og tilheyrandi aðstöðu, og til að þjóna hagsmunum ríkisborgara Sambandsins. Þetta styrkta hlutverk myndi bæta enn frekar við hið aukna hlutverk sem BEREC-hópurinn fékk í kjölfar reglugerða (ESB) 531/2012 og (ESB) 2015/2120 og tilskipunar (ESB) 2018/1972.
- 12) Í ljósi markaðs- og tækniþróunar sem oft hefur í för með sér aukið umfang yfir landamæri, og í ljósi reynslu sem þegar hefur verið aflað við það að tryggja samræmi í framkvæmd á sviði rafrænna fjarskipta, er nauðsynlegt að nota vinnu BEREC-hópsins og skrifstofunnar sem grundvöll. Hagræða ætti stjórnunarháttum og starfsemi þeirra og laga að þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Með tilliti til fastra málsmeðferðarreglna og hinna nýju verkefna sem BEREC-hópnum og skrifstofunni voru úthlutað og til að styrkja skilvirkni þeirra ætti að auka stöðugleika í stjórnun þeirra og einfalda ákvarðanatökferli.
- 13) BEREC-hópurinn ætti að leggja fram sérþekkingu og öðlast trúverðugleika í krafti sjálfstæðis síns, gæða ráðgjafar sinnar og upplýsinga, gagnsæis í málsmeðferð og starfsaðferðum og í krafti þeirrar kostgæfni sem sýnd er við lausn verkefna hans. Sjálfstæði BEREC-hópsins ætti ekki að hindra stjórn eftirlitsaðila hans frá því að taka efni til umræðu á grundvelli draga sem vinnuhópar útbúa.
- 14) Hið nýja opinbera heiti skrifstofunnar ætti að vera „stofnun til að styðja við BEREC-hópinn“ (hér eftir nefnd BEREC-skrifstofan). Nota ætti kenniheitið „BEREC-skrifstofan“ sem stuttnefni stofnunarinnar. BEREC-skrifstofan ætti að njóta lagalegs, stjórnsýslulegs og fjárhagslegs sjálfræðis. Til að svo megi verða er nauðsynlegt og viðeigandi að BEREC-skrifstofan verði stofnun Evrópusambandsins með réttarstöðu lögaðila sem fer með það vald sem henni er falið. Sem sjálfstæð stofnun Sambandsins ætti BEREC-skrifstofan að starfa innan umboðs síns og þess stofnanaramma sem fyrir hendi er. Ekki ætti að líta svo á að hún standi fyrir afstöðu Sambandsins út á við eða skapi lagalegar skuldbindingar fyrir Sambandið.
- 15) Enn fremur ætti, þegar við á, að laga reglurnar um stjórnunarhátti og rekstur BEREC-skrifstofunnar að meginreglum sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 2012 um sjálfstæðar stofnanir.
- 16) Stofnanir Sambandsins og landsbundnu stjórnvöldin ættu að njóta aðstoðar og ráðlegginga BEREC-hópsins, þ.m.t. um viðeigandi eftirlitsáhrif hvers þess málefnis sem varðar heildarvirkni á stafrænum mörkuðum eða með tilliti til tengsla þeirra, umræðna og samskipta við þriðju aðila og miðlun bestu starfsvenja til þeirra. Auk framlags síns til samráðs framkvæmdastjórnarinnar við almennung ætti BEREC-hópurinn, þegar þess er óskað, að ráðleggja framkvæmdastjórninni við undirbúning að tillögum um nýja löggjöf. BEREC-hópurinn ætti einnig að geta veitt Evrópuþinginu og ráðinu ráðgjöf, að beiðni þeirra eða að eigin frumkvæði.
- 17) Þar eð BEREC-hópurinn er tæknistofnun sem býr yfir sérþekkingu á sviði rafrænna fjarskipta og samanstendur af fulltrúum frá landsbundnum stjórnvöldum og frá framkvæmdastjórninni er hann í bestu stöðu til að vera treyst fyrir verkefnum eins og að koma með framlög til skilvirkra málsmeðferðarreglna á innri markaði í tengslum við drög að landsráðstofunum sem varða markaðsreglur, að leggja fram nauðsynlegar viðmiðunarreglur fyrir landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld til að tryggja að notaðar séu sameiginlegar viðmiðanir og samræmd stjórnsýslunálgun, og til að halda tiltekna skrár, gagnagrunna og lista á vettvangi Sambandsins. Þetta er með fyrirvara um þau verkefni sem lögð hafa verið fyrir landsbundin stjórnvöld, sem standa næst rafrænu fjarskiptamörkuðunum og staðbundnum aðstæðum þeirra.
- 18) BEREC-hópurinn ætti að halda áfram að safna saman sérþekkingu frá landsbundnum stjórnvöldum til að hann geti sinnt verkefnum sínum. BEREC-hópurinn ætti að hafa það að markmiði að tryggja þátttöku allra landsbundinna stjórnvalda við að uppfylla eftirlitsverkefni sín og starfsvið. Til að styrkja BEREC-hópinn, gera hann að betri fulltrúa á sínu sviði og standa vörð um sérþekkingu hans, reynslu og þekkingu á séraðstæðum á öllum landsbundnu mörkuðunum ætti hvert aðildarríki fyrir sig að tryggja að landsbundið stjórnvald þess búi yfir nægilegu fjármagni og starfsfólki sem þarf til fullrar þátttöku í starfi BEREC-hópsins.

- 19) Í ljósi aukinnar samleitni milli geiranna sem bjóða upp á rafræna fjarskiptaþjónustu og þverlægni eftirlitsmálefna sem tengjast þróun þeirra ætti að heimila BEREC-hópnum og BEREC-skrifstofunni að eiga samstarf við, án tillits til starfssviða þeirra, landsbundna eftirlitsaðila, aðrar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, einkum hópinn til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB<sup>(9)</sup>, Evrópsku persónuverndarstofnunina sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725<sup>(10)</sup>, Evrópska persónuverndarráðið sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679<sup>(11)</sup>, hinn evrópska hóp eftirlitsaðila með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem var komið á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB<sup>(12)</sup>, Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013<sup>(13)</sup>, Evrópu- stofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010<sup>(14)</sup>, samstarfsnetið um neytendavernd sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2006/2004<sup>(15)</sup>, Evrópska samkeppnisnetið og evrópsk staðlasamtök, sem og aðrar nefndir sem til eru (svo sem fjarskiptanefndina og nefndina um fjarskiptatíðniróf). BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan ættu einnig að geta átt samstarf við viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á samkeppnismálum, neytendavernd og gagnavernd, og við lögbær yfirvöld þriðju landa, þá einkum stjórnvöld á sviði rafrænna fjarskipta eða hópa slíkra yfirvalda, sem og við alþjóðastofnanir þegar nauðsyn krefur til að þau geti sinnt verkefnum sínum. BEREC-hópurinn ætti einnig að geta haft samráð við hagsmunaaðila í gegnum samráð við almenning.
- 20) Veita ætti BEREC-hópnum rétt til að gera samkomulag um vinnutilhögun við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, við lögbær yfirvöld í þriðju löndum og við alþjóðastofnanir, sem ekki ættu að skapa lagalegar skuldbindingar. Markmiðið með slíku samkomulagi um vinnutilhögun gæti til dæmis verið að þróa samstarfssambönd og að skiptast á skoðunum um málefni sem varða eftirlit. Framkvæmdastjórnin ætti að sjá til þess að nauðsynlegt samkomulag um vinnutilhögun samræmist stefnu og forgangsverkefnum Sambandsins, og að BEREC-hópurinn starfi innan umboðs síns og þess stofnanaramma sem fyrir hendi er og að ekki sé lítið svo á að hann standi fyrir afstöðu Sambandsins út á við eða skapi alþjóðlegar skuldbindingar fyrir Sambandið.
- 21) BEREC-hópurinn ætti að samanstanda af stjórn eftirlitsaðila og vinnuhópum. Hlutverk formanns stjórnar eftirlitsaðila færist á milli aðila með það að markmiði að tryggja samfellu í starfi BEREC-hópsins. Enn fremur er hvatt til þess að hlutverk varaformanna, sem eru fulltrúar ýmissa landsbundinna stjórnvalda, færist á milli aðila.
- 22) BEREC-hópurinn ætti að geta starfað í þágu Sambandsins óháð ytri inngrípum, þ.m.t. þrýstingi frá stjórnmalámönnum eða afskiptum viðskiptaaðila. Því er mikilvægt að sjá til þess að þeir aðilar sem skipaðir eru í stjórn eftirlitsaðila njóti bestu tryggingar fyrir frelsi sem einstaklingar og í starfi. Yfirmaður landsbundins stjórnvalds, meðlimur ráðs þess, eða staðgengill annars hvors þeirra, nýtur slíks frelsis sem einstaklingur og í starfi. Nánar tiltekið ættu þeir að starfa sjálfstætt og á hlutlægan hátt, ættu ekki að leita eftir eða taka við fyrirmælum við störf sín, og ættu að njóta verndar gegn

<sup>(9)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB frá 26. júlí 2002 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (Stjtið. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49).

<sup>(10)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðun nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

<sup>(11)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjnum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013 frá 21. maí 2013 um Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 460/2004 (Stjtið. ESB 165, 18.6.2013, bls. 41).

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010 frá 22. september 2010 um að koma á fót Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi, um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1321/2004 um að koma á fót stofnunum til að annast rekstur evrópsku áætlananna um fjarleiðsögu um gervihnött og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtið. ESB 276, 20.10.2010, bls. 11).

<sup>(15)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) (Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1).

Því að vera sagt upp vegna geðþóttaákvörðunar. Yfirmaður landsbundna stjórnvaldsins, meðlimur ráðs þess, staðgengill annars hvors þeirra, eða annar meðlimur starfslíðs landsbundna stjórnvaldsins sem kemur fram fyrir hönd þess meðlims stjórnar eftirlitsaðilanna sem hann kemur í staðinn fyrir og starfar samkvæmt umboði hans, gæti einnig sinnt starfi varamanns í stjórn eftirlitsaðila.

- 23) Reynslan hefur sýnt að það hentar betur að unnið sé að megninu af verkefnum BEREC-hópsins í vinnuhópum, sem ætti ávallt að tryggja að tillit sé tekið til skoðana og framlags allra landsbundnu eftirlitsaðilanna. Stjórn eftirlitsaðilanna ætti því að koma á fót vinnuhópum og skipa formenn þeirra. Landsbundnar eftirlitsstofnanir ættu að bregðast skjótt við beiðnum um tilnefningar til að sjá til þess að vinnuhópum sé komið á fót með hraði, einkum þeim sem tengjast verkefnum með tímamörk. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni ættu að geta tekið þátt í starfi vinnuhópanna. Stafsfólk BEREC-skrifstofunnar ætti að styðja við og koma með framlög til starfs vinnuhópanna.
- 24) Ef nauðsyn krefur, og í hverju tilviki fyrir sig, ættu stjórn eftirlitsaðilanna og stjórnin að geta boðið hverjum þeim einstaklingi sem kann að hafa eitthvað til málnanna að leggja að sitja fundi þeirra sem áheyrnarfulltrúi.
- 25) Eftir því sem við á og með hliðsjón af úthlutun verkefna til yfirvalda í hverju aðildarríki ætti að taka álit annarra lögbærra yfirvalda með í reikninginn innan viðeigandi vinnuhóps, t.d. með samráði á landsvísu eða með því að bjóða þessum öðrum yfirvöldum á viðeigandi fundi þegar þörf er á sérfræðipækkingu þeirra. Hvað sem öðru líður skal gæta þess að viðhalda sjálfstæði BEREC-hópsins.
- 26) Stjórn eftirlitsaðila og stjórnin ættu að vinna samhliða, og ætti sú fyrrnefnda einkum að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega þætti, s.s. fjárhagsáætlunina, starfsfólk og endurskoðun. Auk fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar ættu fulltrúar landsbundinna stjórnvalda í stjórninni að jafnaði að vera sömu einstaklingar og eru skipaðir í stjórn eftirlitsaðilanna, en landsbundnu stjórnvöldunum ætti að vera kleift að skipa aðra fulltrúa sem uppfylla sömu kröfur.
- 27) Skipunarvald var áður í höndum varaformanns stjórnarnefndar skrifstofunnar. Í þessari reglugerð er kveðið á um að stjórnin skuli fela framkvæmdastjórnunum viðeigandi skipunarvald og að hann hafi heimild til að fela það öðrum. Þessu er ætlað að stuðla að skilvirkri stjórnun starfsfólks á BEREC-skrifstofunni.
- 28) Stjórn eftirlitsaðilanna og stjórnin skulu halda minnst tvo almenna fundi á ári. Í ljósi fenginnar reynslu og aukins hlutverks BEREC-hópsins gætu stjórn eftirlitsaðilanna og stjórnin þurft að halda fleiri fundi.
- 29) Framkvæmdastjórnin skal áfram vera fulltrúi BEREC-skrifstofunnar að því er varðar laga- og stjórnsýsluleg málefni. Stjórnin ætti að skipa framkvæmdastjórnann í kjölfar opins og gagnsæs valferlis, til að tryggja ítarlegt mat á þeim sem til greina koma og mikið sjálfstæði. Skipunartími skrifstofustjóra skrifstofunnar var áður þrjú ár. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi nægilega langan umboðstíma til að tryggja stöðugleika og miðlun langtímastefnuáætlunar fyrir BEREC-skrifstofuna.
- 30) Því ætti framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 <sup>(16)</sup> að ná til BEREC-skrifstofunnar.
- 31) BEREC-skrifstofan ætti að veita allan nauðsynlegan faglegan og stjórnsýslulegan stuðning við starf BEREC-hópsins, þ.m.t. fjárhagslegan og skipulagslegan stuðning og stuðning við flæðisstjórnun, og ætti að taka þátt í eftirlitsstarfi BEREC-hópsins.
- 32) Til að tryggja sjálfræði og sjálfstæði BEREC-skrifstofunnar og til að veita stuðning við starf BEREC-hópsins ætti BEREC-skrifstofan að hafa eigin fjárhagsáætlun sem ætti að mestu að vera fjármögnuð með framlagi frá Sambandinu. Fjárhagsáætlunin ætti að vera fullnægjandi og ætti að endurspegla þau viðbótarverkefni sem úthlutað er og hið aukna hlutverk BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar. Fjármögnun BEREC-skrifstofunnar er með fyrirvara um samkomulag fjárveitingavaldsins í samræmi við 31. lið samstarfssamnings milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, um samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn <sup>(17)</sup>.

<sup>(16)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 frá 30. september 2013 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 42).

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

- 33) BEREC-skrifstofan ætti að hafa nægilegt starfsfólk til að sinna skyldustörfum sínum. Öll verkefni sem úthlutað er til BEREC-skrifstofunnar, þ.m.t. sérfræðiþjónusta og stjórnsýsluþjónusta til að styðja BEREC-hópurinn við að framkvæma eftirlitsverkefni sín, ásamt framfylgd reglna um fjármál, starfsfólk og annað sem við á, og aukinn þungi rekstrartengdra verkefna sem krafist er af BEREC-skrifstofunni í tengslum við stjórnsýsluverkefni skulu metin og endurspeglast í áætluninni yfir tilföng.
- 34) Stjórn eftirlitsaðila, vinnuhóparnir og stjórnin ættu, til að útvíkka enn frekar samræmda framkvæmd reglurammans um rafræn fjarskipti, að vera opin fyrir þátttöku stjórnvalda þriðju landa sem eru lögbær á sviði rafrænna fjarskipta þegar umrædd þriðju lönd hafa gert samninga við Sambandið þess efnis, s.s. EFTA-ríki innan EES og umsóknarlönd.
- 35) Í samræmi við meginregluna um gagnsæi ættu BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan, þegar við á, að birta upplýsingar um starf sitt á vefsetri sínu. Einkum ætti BEREC-hópurinn að birta opinberlega allar endanlegar útgáfur skjala sem gefin eru út við starf hans, s.s. álit, viðmiðunarreglur, skýrslur, tilmæli, sameiginlegar afstöður og bestu starfsvenjur, sem og allar rannsóknir sem hann lætur fara fram til að styðja við verkefni sín. BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan ættu einnig að birta opinberlega uppfærða lista yfir verkefni sín og uppfærða lista yfir stjórnarmenn, staðgengla og aðra þátttakendur í fundum skipulagseininga sinna, ásamt hagsmunayfirlýsingum stjórnarmanna stjórnar eftirlitsaðilanna, stjórnarmanna stjórnarinnar og framkvæmdastjórans.
- 36) BEREC-hópurinn ætti, með stuðningi BEREC-skrifstofunnar, að geta tekið þátt í samskiptastarfi innan valdheimilda sinna sem ekki hefur neikvæð áhrif á kjarnaverkefni BEREC-hópsins. Innihald og framkvæmd samskiptaáætlunar BEREC-hópsins ætti að vera samræmt, hlutlægt, viðeigandi og samstillt við áætlanir og starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og hinna stofnananna til að taka tillit til ímyndar Sambandsins á víðari grundvelli. Samskipti BEREC-skrifstofunnar ættu að fara fram samkvæmt viðeigandi samskipta- og dreifingaráætlunum sem stjórnin samþykkir.
- 37) Til að BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan geti sinnt verkefnum sínum á markvissan hátt ættu þau að hafa rétt til að óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum frá framkvæmdastjórninni, landsbundnu stjórnvöldunum og, sem síðasta úrræði, öðrum yfirvöldum og fyrirtækjum. Í beiðnum um upplýsingar ættu að koma fram ástæður, þær ættu að vera hlutfallslegar og ættu ekki að leggja óþarfa byrðar á þá sem þeim er beint til. Landsbundin stjórnvöld ættu að vinna með BEREC-hópnum og BEREC-skrifstofunni og veita þeim tímanlegar og réttar upplýsingar til að tryggja að BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan geti sinnt verkefnum sínum. BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan ættu einnig, með tilliti til meginreglunnar um samstarf af heilindum, að deila öllum nauðsynlegum upplýsingum með framkvæmdastjórninni, landsbundnu stjórnvöldunum og öðrum lögbærum yfirvöldum. Þegar við á ætti að tryggja upplýsingaleynd. Þegar mat er lagt á hvort beiðni er tilhlýðilega rökstudd ætti BEREC-hópurinn að taka mið af því hvort upplýsingarnar sem óskað er eftir tengist framkvæmd verkefna sem einungis eru á höndum viðeigandi yfirvalda.
- 38) BEREC-skrifstofan ætti að koma upp sameiginlegu upplýsinga- og samskiptakerfi til að komast hjá tvítekingu upplýsingabeidna og greiða fyrir samskiptum milli allra hlutaðeigandi yfirvalda.
- 39) Til að tryggja mikinn trúnað og forðast hagsmunaárekstra ættu reglurnar um þetta efni sem gilda fyrir meðlimi skipulagseininga BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar að ná til varamanna þeirra.
- 40) Þar eð með reglugerð þessari er nýjum verkefnum úthlutað til BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar og aðrar lagagerðir Sambandsins kunna að úthluta enn frekari verkefnum ætti framkvæmdastjórnin að gera reglulega úttekt á starfsemi BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar og á skilvirkni skipulags þeirra í síbreytilegu stafrænu umhverfi. Ef niðurstaða úttektar framkvæmdastjórnarinnar er sú að skipulag þeirra henti ekki til að sinna verkefnum BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar og sér í lagi til að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans fyrir rafræn fjarskipti ætti hún að kanna alla hugsanlega kosti til að bæta það skipulag.
- 41) Í stað skrifstofunnar sem var komið á fót sem stofnun Bandalagsins með réttarstöðu lögaðila með reglugerð (EB) nr. 1211/2009 kemur BEREC-skrifstofan sem er komið á fót með þessari reglugerð að því er varðar allt eignarhald, samninga, þ.m.t. samninginn um aðsetur, lagalegar skuldbindingar, ráðningarsamninga, fjárhagsskuldbindingar og bótaábyrgðir. BEREC-skrifstofan ætti að taka við starfsfólki skrifstofunnar án þess að það hafi áhrif á réttindi og skyldur þeirra. Til að tryggja samfelldni í starfi BEREC-hópsins og skrifstofunnar ættu fulltrúar þeirra, þ.e. formaður stjórnar eftirlitsaðilanna og varaformenn hennar, stjórnarnefndin og skrifstofustjórnin, að sitja í embættum sínum þar til skipunartíma þeirra lýkur.

- 42) Þrátt fyrir að aukinn fjöldi neytenda hafi aðgang að fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum til að eiga alþjóðleg fjarskipti á lægra verði en greitt er fyrir hefðbundna þjónustu, eða gjaldfrjálst, þá er enn umtalsverður fjöldi neytenda í flestum aðildarríkjum sem reiðir sig á hefðbundin alþjóðleg fjarskipti, s.s. símatækni og smáskilaboð.
- 43) Árið 2013 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu um áhrifametna reglugerð sem fól m.a. í sér ákvæði um stjórnvaldsráðstafanir sem áttu að gilda um fjarskipti innan ESB. BEREC-hópurinn og framkvæmdastjórnin söfnuðu viðbótarupplýsingum um fjarskiptamarkaðinn innan ESB frá 2017 til 2018 með rannsókn Sambandsins og í gegnum könnun á viðhorfum almennings í Evrópu (e. *Eurobarometer*). Eins og þau gögn sýna er umtalsverður verðmunur enn útbreiddur, bæði fyrir fastlínu- og farsímafjarskipti, á talfjarskiptum og smáskilaboðum innanlands og fjarskiptum til annarra aðildarríkja, sem lýsir sér sem verulegur breytileiki í verðlagningu á milli landa, söluaðila og gjaldskrárpakka, og á milli talfjarskipta um farsíma og um fastlínu. Söluaðilar almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga innheimta oft verð fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja á grunni þess magns sem er notað, sem er mun hærra en verðið á gjaldskránni fyrir notkun innanlands, auk viðbótarkostnaðar. Að meðaltali er fast verð fyrir fastlínu- eða farsímasímtal á milli ESB-ríkja gjarnan þrisvar sinnum hærra en fast verð fyrir innanlandssímtal og fast verð fyrir smáskilaboð á milli ESB-ríkja er gjarnan meira en tvisvar sinnum hærra en fyrir smáskilaboð innanlands. Þessi meðalgildi fela hins vegar umtalsverðan mun á milli aðildarríkja. Í sumum tilvikum getur fast verð fyrir símtal á milli ESB-ríkja verið allt að átta sinnum hærra en fast verð fyrir innanlandssímtöl. Af því leiðir að mjög hátt verð fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja er lagt á viðskiptavini í nokkrum aðildarríkjum. Þetta háa verð hefur aðallega áhrif á neytendur, einkum þá sem nota slík fjarskipti sjaldan eða í litlu magni, sem eru mikill meirihluti þeirra neytenda sem nýta sér fjarskipti á milli ESB-ríkja. Á sama tíma bjóða nokkrir söluaðilar upp á sérstök tilboð sem eru einkar aðlaðandi fyrir viðskiptamenn í atvinnulífínu og neytendur sem nota fjarskipti á milli ESB-ríkja í umtalsverðu magni. Slík tilboð eru oft ekki verðlögð á grundvelli raunverulegrar neyslu og geta samanstðið af tilteknum fjölda smáskilaboða eða mínútna af símtölum á milli ESB-ríkja fyrir fast mánaðarlegt gjald (viðbótartilboð) eða að tiltekinn fjöldi símtalsmínútna eða smáskilaboða á milli ESB-ríkja sé innifalinn í mánaðarlega leyfilegum símtalsmínútum eða smáskilaboðum, annað hvort án aukagjalds eða með lágu aukagjaldi. Hins vegar eru skilmálar þessara tilboða oft ekki aðlaðandi fyrir neytendur sem nota fjarskipti á milli ESB-ríkja einungis af og til, á ófyrirsjáanlegan hátt eða í litlu magni. Því er hætt við að þessir neytendur borgi of hátt verð fyrir fjarskipti sín milli ESB-landa og þá ætti að vernda.
- 44) Enn fremur er hátt verð fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja hindrun gagnvart starfsemi innri markaðarins, þar eð það virkar leitjandi á leit eftir og kaup á vörum og þjónustu frá söluaðila í öðru aðildarríki. Til að útrýma þessu háa verði er því nauðsynlegt að setja sértæk og hlutfallsleg takmörk á það verð sem söluaðilar almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga geta innheimt frá neytendum fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja.
- 45) Þegar söluaðilar almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga innheimta gjöld frá neytendum sínum fyrir fjarskipti þeirra á milli ESB-ríkja sem byggjast að öllu eða einhverju leyti á neyslu slíkrar þjónustu, þ.m.t. í tilvikum þar sem dregið er frá mánaðarlegu eða fyrirframgreiddu magni á grunni notkunar á slíkri þjónustu, ættu þessi gjöld ekki að vera hærri en 0,19 evrur á mínútu fyrir símtöl og 0,06 evrur fyrir hver smáskilaboð. Þessi þök samsvara hæsta nógildandi verði, annars vegar fyrir reikisímtöl sem reglur eru settar um og hins vegar um smáskilaboð. Þegar neytendur nýta sér reikiþjónustu innan Sambandsins njóta þeir verndar Evrópugjaldskrárinnar fyrir talsíma og Evrópugjaldskrárinnar fyrir smáskilaboð sem hafa smám saman vikið fyrir „reiki samvæmt heimagjaldskrá“. Þessi þök eru einnig talin vera hentug viðmiðun til að festa í sessi hámarksgjaldið fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja til fimm ára frá og með 15. maí 2019. Nógildandi þak er einfalt og gegnsætt öryggisnet sem hefur sannað sig sem vernd gegn háu verði og hentar sem þak á smásöluverð fyrir öll reglustýrð fjarskipti milli ESB-ríkja. Reikisímtöl innan Sambandsins og símtöl á milli ESB-ríkja hafa svipaða kostnaðarsamsetningu.
- 46) Þökin ættu að gera söluaðilum almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga kleift að endurheimta kostnað sinn og vera þannig hlutfallslegt inngrip á mörkuðum fyrir bæði farsíma- og fastlínusímtöl. Þökin munu gilda beint og einungis um verð sem byggist á raunverulegri notkun. Þau ættu einnig að hafa agaáhrif á þau tilboð þar sem

tiltekið magn fjarskipta á milli ESB-ríkja er innifalið án þess að innheimt sé sérstaklega fyrir það, þar eð neytendur hafa þann valkost að geta skipt yfir í gjaldskrá sem byggir á notkun fyrir fjarskipti þeirra á milli ESB-ríkja. Fjarskiptamagn á milli ESB-ríkja sem fer yfir það sem er innifalið í pakka og sérstaklega er innheimt fyrir ætti að falla undir þökin. Sú ráðstöfun ætti að tryggja, á hlutfallslegan hátt, að neytendur með litla notkun á fjarskiptum milli ESB-ríkja njóti verndar gegn háu verði og ætti um leið einungis að hafa hófleg áhrif á söluaðila.

- 47) Söluaðilar almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga ættu að geta boðið neytendum sínum aðra gjaldskrárvalkosti fyrir alþjóðleg fjarskipti með öðru verði fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja og neytendum ætti að vera frjálst að velja slík tilboð með beinum hætti og skipta til baka án endurgjalds hvenær sem er, jafnvel fyrir tilboð sem neytendur gerðust áskrifendur að áður en slík ákvæði tóku gildi. Einungis önnur tilboð um alþjóðleg fjarskipti, s.s. þau sem ná til allra eða einhverra þriðju landa, ættu að geta, þegar neytandi þiggur þau, leyst söluaðila undan þeirri skyldu að fara ekki yfir þökin fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja. Annar ávinningur, s.s. niðurgreiddur endabúnaður eða afsláttur af annarri rafrænni fjarskiptaþjónustu, sem söluaðilar bjóða neytendum eru eðlilegur hluti af samkeppni og ættu ekki að hafa áhrif á gildi verðpakanna fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja.
- 48) Verðpak fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja getur haft umtalsvert meiri áhrif á suma söluaðila almennrar númeratengdrar fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga en á flesta aðra söluaðila í Sambandinu. Þetta gæti einkum átt við um þá söluaðila sem afla sérstaklega hás hlutfalls tekna sinna eða rekstrarhagnaðar með fjarskiptum á milli ESB-ríkja, eða þá sem hafa lágt hagnaðarhlutfall innanlands miðað við viðmiðanir iðngeirans. Vegna skerðingar á hagnaðarhlutfallinu að því er varðar reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja gæti það gerst að söluaðili gæti ekki staðið undir verðlagningarlíkani sínu innanlands. Slíkar sviðsmyndir eru afar ósennilegar vegna þess að hámarksverðið er augljóslega herra en kostnaðurinn við að veita fjarskiptaþjónustu á milli ESB-ríkja. Engu að síður ættu landsbundin stjórnvöld að geta veitt undanþágu til að takast á við slík afar ólíkleg undantekningartilvik að ósk slíks söluaðila, í sérstökum, rökstuddum undantekningartilvikum.
- 49) Einungis ætti að veita undanþágu þegar söluaðili getur sýnt fram á, miðað við viðeigandi viðmiðun sem BEREC-hópurinn setur, að hann verði fyrir umtalsvert meiri áhrifum en flestir aðrir söluaðilar í Sambandinu og að þau áhrif myndu umtalsvert veikja getu hans til að viðhalda verðlagningarlíkani sínu fyrir fjarskipti innanlands. Þegar landsbundið stjórnvald veitir undanþágu ætti það að ákvarða hæsta verðið sem söluaðili gæti lagt á fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja og sem myndi gera honum kleift að viðhalda samkeppnishæfu verði fyrir fjarskipti innanlands. Allar slíkar undanþágur ættu að takmarkast við eitt ár og vera endurnýjanlegar ef söluaðilinn sýnir fram á að skilyrðin fyrir undanþágunni séu enn uppfyllt.
- 50) Í ljósi meðalhófsreglunnar ætti gildistími verðpakanna fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja að hafa tímamörk og ætti að renna út fimm árum eftir að þau taka gildi. Slík takmörkun á gildistíma ætti að gera kleift að meta á tilhlýðilegan hátt áhrif ráðstafananna og gera úttekt á hversu mikil þörf er fyrir áframhaldandi vernd fyrir neytendur.
- 51) Til að tryggja vernd fyrir neytendur sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af umtalsverðum muni á verði fyrir fjarskipti á milli ESB-ríkja, sem nær til alls Sambandsins og er samræmd, tímanleg og eins öflug og mögulegt er ættu slík ákvæði að gilda án frekari lögfestingar og vera sett fram í reglugerð. Hentugasta reglugerðin til þess er reglugerð (ESB) 2015/2120, sem var samþykkt að loknu áhrifamati þar sem m.a. var lagt til að sett yrði ákvæði um fjarskipti á milli ESB-ríkja sem nauðsynlega aðferð til að koma endalega á innri markaði fyrir rafræn fjarskipti. Sennileg áhrif á tekjur söluaðila vegna veitingar fjarskipta á milli ESB-ríkja mildast enn frekar af notkun, vegna reikiþjónustu, á Evrópugjaldskránni fyrir talsíma og Evrópugjaldskránni fyrir smáskilaboð sem þökum fyrir bæði fastlínu- og farsímafjarskipti sem



virka sem öryggisráðstafanir, og af sönnunum, sem fram koma í greiningu BEREC-hópsins frá 2018, fyrir umtalsverðri minnkun á viðeigandi magni fastrar notkunar sem ráðstöfunin á íhlutunartímabilinu hafði áhrif á. Þessi ákvæði ætti því að innleiða sem breytingar á reglugerð (ESB) 2015/2120, sem einnig ætti að breyta til að tryggja að aðildarríkin samþykki reglur um viðurlög við brotum gegn slíkum ákvæðum.

- 52) Þar eð ekki er hægt svo viðunandi sé að ná fram markmiðunum með þessari reglugerð, nefnilega að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans um rafræn fjarskipti, einkum að því er varðar fjarskipti yfir landamæri og með skilvirkum málsmeðferðarreglum innri markaðarins fyrir drög að landsráðstöfunum, og til að tryggja að ekki sé innheimt óhóflegt verð af neytendum fyrir númeratengd fjarskipti milli einstaklinga sem eiga uppruna sinn í því aðildarríki þar sem innanlandssöluaðili neytandans er staðsettur og eru móttekin í fastlínu- eða farsímanúmeri í öðru aðildarríki, en það er hins vegar hægt, vegna umfangs og áhrifa af aðgerðinni, að ná þeim fram á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við meginregluna um nálægð sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 53) Þessi reglugerð breytir og víkkar gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1211/2009. Þar eð breytingarnar, sem gera á, eru umtalsverðar, ætti til glöggvunar að fella þá gerð úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### EFNI OG GILDISSVIÐ

#### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Með reglugerð þessari er komið á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (hér á eftir nefndur BEREC-hópurinn) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (hér á eftir nefnd BEREC-skrifstofan).
2. BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan skulu, eftir því sem við á, koma í staðinn fyrir og taka við af evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta og skrifstofu hans sem voru stofnsett með reglugerð (EB) nr. 1211/2009.

#### 2. gr.

#### Lögformleg staða BEREC-skrifstofunnar

1. BEREC-skrifstofan skal vera stofnun Evrópusambandsins. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.
2. BEREC-skrifstofan skal hafa það rétt hæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem landslög þess framast veita lögaðilum. Einkum skal hún geta aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.
3. Framkvæmdastjóri BEREC-skrifstofunnar skal vera í forsvari fyrir hana.
4. BEREC-skrifstofan skal ein bera ábyrgð á þeim verkefnum sem henni eru falin og þeim valdheimildum sem henni eru veittar.
5. BEREC-skrifstofan skal hafa aðsetur sitt í Riga.

## II. KAFLI

## MARKMIÐ OG VERKEFNI BERIC-HÓPSINS

## 3. gr.

## Markmið BERIC-hópsins

1. BERIC-hópurinn skal stafa innan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 og (ESB) 2015/2120 og tilskipunar (ESB) 2018/1972.
2. BERIC-hópurinn skal framfylgja markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Einkum skal BERIC-hópurinn stefna að því að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans um rafræn fjarskipti, innan þess gildissviðs sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. BERIC-hópurinn skal sinna verkefnum sínum með sjálfstæðum, óhlutdrægum, gagnsæjum og tímanlegum hætti.
4. BERIC-hópurinn skal notfæra sér þá sérþekkingu sem er fyrir hendi innan landsbundnu stjórnvaldanna.
5. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við 3. mgr. 9. gr. í tilskipun (ESB) 2018/1972, sjá til þess að landsbundin stjórnvöld sín geti tekið fullan þátt í vinnu skipulagseininga BERIC-hópsins.
6. Í aðildarríkjum þar sem fleiri en eitt stjórnvald er fyrir hendi sem er lögbært samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972 skulu þau stjórnvöld hafa samræmingu sín á milli eins og nauðsyn krefur.

## 4. gr.

## Eftirlitsverkefni BERIC-hópsins

1. Eftirlitsverkefni BERIC-hópsins skulu vera:
  - a) að aðstoða og ráðleggja landsbundnum stjórnvöldum, Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni, og að vinna með landsbundnu stjórnvöldunum og framkvæmdastjórninni, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, varðandi öll tæknileg málefni sem varða rafræn fjarskipti innan valdsviðs hans,
  - b) að aðstoða og ráðleggja framkvæmdastjórninni, sé þess óskað, í tengslum við undirbúning að tillögum að nýrri löggjöf á sviði rafrænna fjarskipta, þ.m.t. öllum tillögum að breytingum á þessari reglugerð eða á tilskipun (ESB) 2018/1972,
  - c) að gefa út álitserðir eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 og tilskipun (ESB) 2018/1972, einkum um:
    - i) lausnir deilumála yfir landamæri í samræmi við 27. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
    - ii) drög að landsráðstöfunum tengdum málsmeðferðarreglum innri markaðarins um markaðsreglur í samræmi við 32., 33. og 68. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
    - iii) drög að ákvörðunum og tilmælum um samræmingu í samræmi við 38. og 93. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
    - iv) tengingar enda á milli á milli endanlegra notenda í samræmi við 2. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
    - v) ákvörðun á einu hámarksverði fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og einu hámarksverði fyrir lúkningu fastlínusímtala í Sambandinu í samræmi við 75. gr. tilskipunar (ESB) nr. 2018/1972,
    - vi) sniðmát fyrir samantekt samninga í samræmi við 102. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,

- vii) landsbundna framkvæmd og virkni almennu heimildarinnar og áhrif þeirra á starfsemi innri markaðarins í samræmi við 3. mgr. 122. gr. í tilskipun (ESB) 2018/1972,
  - viii) markaðs- og tækniþróun sem tengist mismunandi tegundum rafrænnar fjarskiptaþjónustu og áhrif hennar á beitingu III. bálks III. hluta tilskipunar (ESB) 2018/1972 í samræmi við 1. mgr. 123. gr. þeirrar tilskipunar, þegar við á,
- d) að gefa út viðmiðunarreglur um framkvæmd regluramma Sambandsins um rafræn fjarskipti, einkum eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 og (ESB) 2015/2120 og tilskipun (ESB) 2018/1972, um:
- i) sniðmát tilkynninga í samræmi við 12. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - ii) samræmda framkvæmd skuldbindinga að því er varðar landmælingar og spár í samræmi við 22. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - iii) viðeigandi viðmiðanir til að hlúa að samræmdri beitingu ákvæða 3. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - iv) sameiginlega nálgun við auðkenningu á nettengipunkti í mismunandi netskipan í samræmi við 7. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - v) sameiginlega nálgun til að uppfylla kröfur endanlegra notenda á milli landa í samræmi við 66. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - vi) lágmarksviðmiðanir fyrir viðmiðunartilboð í samræmi við 69. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - vii) að hlúa að samræmdri beitingu landsbundinna stjórnvalda á skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 76. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, og viðmiðananna sem sett eru fram í IV. viðauka hennar,
  - viii) viðmiðanir sem net þarf að uppfylla til að teljast vera net með mjög mikla flutningsgetu í samræmi við 82. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - ix) sameiginlegar viðmiðanir fyrir mat á getunni til að halda utan um númeraforðann og hættunni á því að númeraforðinn verði uppurinn, í samræmi við 93. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - x) viðeigandi breytur sem varða gæði þjónustu, þær mæliaðferðir sem við eiga, innihald og birtingarsnið upplýsinganna og tilhögun gæðavottunar í samræmi við 104. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - xi) hvernig eigi að meta hvort skilvirkni viðvörunarkerfa fyrir almenning skv. 2. mgr. 110. gr. tilskipunar (ESB) nr. 2018/1972 samsvari skilvirkni þeirra sem um getur í 1. mgr. þeirrar greinar,
  - xii) heildsöluáðgang að reiki í samræmi við 8. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012,
  - xiii) framkvæmd skuldbindinga landsbundinna stjórnvalda að því er varðar opinn netaðgang í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2120,
  - xiv) þær breytur sem landsbundin stjórnvöld skulu taka tillit til við mat sitt á sjálfbærni verðlagningarlíkansins fyrir innanlandsmarkað í samræmi við 6. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) 2015/2120,
- e) að gefa út aðrar viðmiðunarreglur til að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans um rafræn fjarskipti og samræmdar eftirlitsákvæðanir landsbundnu stjórnvaldanna, að eigin frumkvæði eða að beiðni landsbundins stjórnvalds, Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar, einkum að því er varðar eftirlitstengd málefni sem hafa áhrif í umtalsverðum fjölda aðildarríkja eða sem ná að einhverju leyti yfir landamæri,

- f) að taka þátt í jafningjarýnivettvangnum um drög að ráðstöfunum um valferli í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1972, ef við á,
- g) að taka þátt þegar kemur að málefnum sem varða valdheimildir hans og tengjast markaðsreglum og samkeppni varðandi fjarskiptatíðniróf, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1972,
- h) að framkvæma greiningu á hugsanlegum millilíandamörkuðum í samræmi við 65. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 og á eftirspurn frá endanlegum notendum á millilíandamörkuðum í samræmi við 66. gr. þeirrar tilskipunar,
- i) að vakta og safna saman upplýsingum og, ef við á, gera uppfærðar upplýsingar um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 aðgengilegar almenningi í samræmi við 16. og 19. grein þeirrar reglugerðar,
- j) að taka saman skýrslur um tæknimál innan valdsviðs síns, einkum um:
- i) beitingu álitanna og viðmiðunarreglnanna, sem um getur í c-, d- og e-lið, í reynd,
  - ii) bestu starfsvenjur aðildarríkjanna til að styðja við skilgreiningu á viðunandi breiðbandsaðgangi að netþjónustu í samræmi við 84. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - iii) þróun á verðlagningu og neyslumynstrum fyrir bæði innanlands- og reikiþjónustu, þróun á raunverulegum reikigjöldum í heildsölu fyrir ójafna umferð, tengslin á milli smásöluverða, heildsölugjalda og heildsölukostnaðar fyrir reikiþjónustu, sem og um gagnsæi og sambærileika gjaldskráa, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012,
  - iv) niðurstöðurnar í ársskýrslum sem landsbundnu stjórnvöldin skulu leggja fram í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2120, með útgáfu árlegrar samantektarskýrslu,
  - v) markaðspróun í rafræna fjarskiptageiranum, á ársgrundvelli,
- k) að gefa út tilmæli og sameiginlegar afstöður og miðla bestu starfsvenjum í stjórnsýslu sem beint er til landsbundinna stjórnvalda til að hvetja til samræmdrar og bættrar framkvæmdar á reglurammanum um rafræn fjarskipti,
- l) að koma á fót og viðhalda gagnagrunni yfir:
- i) þær tilkynningar sem sendar eru út til lögbæru yfirvaldanna frá fyrirtækjum sem falla undir almennu heimildina í samræmi við 12. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - ii) númeraforða með rétt til notkunar utan lögsagnarumdæmis innan Sambandsins í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 93. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972,
  - iii) E.164-númer neyðarþjónusta aðildarríkjanna í samræmi við þriðju undirgrein 8. mgr. 109. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, þar sem við á,
- m) að meta þörfina fyrir nýbreytni í reglusetningu og samræmingaraðgerðir milli landsbundinna stjórnvalda til að gera mögulega þróun nýsköpunar í rafrænum fjarskiptum,
- n) að stuðla að nútímavæðingu, samræmingu og stöðlun gagnasöfnunar landsbundnu eftirlitsaðilanna, að slík gögn verði gerð almenningi aðgengileg á opnu, endurnýtanlegu og tölvulesanlegu formi á vefsetri BEREC-hópsins og evrópsku gagnagátinni, með fyrirvara um hugverkarétt, reglur um persónuvernd og þess trúnaðarstigs sem krafist er;
- o) að sinna öðrum verkefnum sem honum eru fengin í hendur með lagagerðum Sambandsins, einkum reglugerð (ESB) nr. 531/2012 og (ESB) 2015/2120 og tilskipun (ESB) 2018/1972.

2. BERIC-hópurinn skal birta eftirlitsverkefni sín opinberlega og uppfæra þær upplýsingar þegar honum eru fengin ný verkefni.
  3. BERIC-hópurinn skal birta opinberlega öll lokaálit sín, viðmiðunarreglur, skýrslur, tilmæli, sameiginlegar afstöður og bestu starfsvenjur ásamt öllum rannsóknum hann hefur látið fara fram, sem og viðeigandi drög að skjölum sem tengjast samráðinu við almenning sem um getur í 5. mgr.
  4. Með fyrirvara um að farið sé að viðeigandi lögum Sambandsins skulu landsbundin stjórnvöld og framkvæmdastjórnin hafa ítarlegustu hliðsjón af öllum viðmiðunarreglum, álitum, tilmælum, sameiginlegum afstöðum og bestu starfsvenjum sem BERIC-hópurinn samþykkir með það fyrir augum að tryggja samræmda framkvæmd reglurammans um rafræn fjarskipti innan þess gildissviðs sem um getur í 1. mgr. 3. gr.
- Þegar landsbundið stjórnvald víkur frá viðmiðunarreglunum sem um getur í e-lið 1. mgr. skal það leggja fram ástæðurnar fyrir því.
5. BERIC-hópurinn skal, eftir því sem við á, hafa samráð við hagsmunaaðila og gefa þeim tækifæri til að leggja fram athugasemdir innan hæfilegs tíma með tilliti til þess hversu flókið málið er. Það tímabil skal ekki vera styttra en 30 dagar nema í sérstökum undantekningartilvikum. BERIC-hópurinn skal, með fyrirvara um 38. gr., gera niðurstöður samráðsins við almenning aðgengilegar öllum. Slíkt samráð skal eiga sér stað eins snemma í ákvarðanatökufærlinu og mögulegt er.
  6. BERIC-hópnum er heimilt, þegar við á, að hafa samráð og eiga samstarf við viðeigandi landsbundin landsbundin yfirvöld, svo sem þau sem eru lögbær á sviði samkeppnismála, neytendaverndar og gagnaverndar.
  7. BERIC-hópnum er heimilt, þegar við á, að eiga samstarf við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, sem og við lögbær yfirvöld þriðju landa og við alþjóðastofnanir, í samræmi við 1. mgr. 35. gr.

### III. KAFLI

#### VERKEFNI BERIC-SKRIFSTOFUNNAR

##### 5. gr.

#### Verkefni BERIC-skrifstofunnar

BEREC-skrifstofan skal sinna eftirtöldum verkefnum:

- a) að veita BERIC-hópnum faglega og stjórnsýslulega stuðningsþjónustu, einkum við að sinna eftirlitsverkefnum hans skv. 4. gr.,
- b) að afla upplýsinga frá landsbundnum stjórnvöldum og skiptast á og miðla upplýsingum í tengslum við þau eftirlitsverkefni sem BERIC-hópnum eru falin skv. 4. gr.,
- c) að semja með reglulegu millibili, á grunni þeirra upplýsinga sem um getur í b-lið, drög að skýrslum um tiltekna hliðar á þróun á evrópska markaðnum með rafræn fjarskipti, s.s. skýrslur um reiki og setningu viðmiðana, sem leggja skal fyrir BERIC-hópinn,
- d) að miðla bestu starfsvenjum í stjórnsýslu til landsbundinna stjórnvalda í samræmi við k-lið 1. mgr. 4. gr.,
- e) að aðstoða BERIC-hópinn við að koma á fót og viðhalda skrá og gagnagrunnum í samræmi við l-lið 1. mgr. 4. gr.
- f) að aðstoða BERIC-hópinn við að koma á fót og halda utan um upplýsinga- og samskiptakerfi í samræmi við 41. gr.,
- g) að aðstoða BERIC-hópinn við að hafa samráð við almenning í samræmi við 5. mgr. 4. gr.,

- h) að aðstoða við undirbúning starfsins og veita annan stuðning í tengslum við stjórnarsýslu og innihald til að tryggja snurðulausa starfsemi stjórnar eftirlitsaðila,
- i) að aðstoða við að koma á fót vinnuhópum að beiðni stjórnar eftirlitsaðila, taka þátt í eftirlitsvinnunni og veita stjórnarsýslulegan stuðning til að tryggja að hóparnir starfi snurðulaust,
- j) að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin með þessari reglugerð eða með öðrum lagagjöörningum Sambandsins.

#### IV. KAFLI

#### SKIPULAG BEREK-HÓPSINS

##### 6. gr.

#### Skipulag BEREK-hópsins

BEREC-hópurinn skal samanstanda af:

- a) stjórn eftirlitsaðila,
- b) vinnuhópum.

##### 7. gr.

#### Samsetning stjórnar eftirlitsaðila

1. Stjórn eftirlitsaðila skal skipuð einum stjórnarmanni frá hverju aðildarríki. Hver stjórnarmaður hefur atkvæðisrétt.

Hver stjórnarmaður skal vera skipaður af því landsbundna stjórnvaldi sem hefur þá frumskyldu að hafa eftirlit með daglegum rekstri markaða fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/1972. Stjórnarmaðurinn sem er skipaður skal vera einn af yfirmönnum landsbundna stjórnvaldsins, meðlimur ráðs þess eða staðgengill annars hvors þeirra.

2. Hver og einn stjórnarmaður stjórnar eftirlitsaðila skal hafa varamann sem er skipaður af landsbundna stjórnvaldinu. Varamaðurinn skal koma fram fyrir hönd stjórnarmannsins í fjarveru hans. Varamaðurinn sem er skipaður skal vera einn af yfirmönnum landsbundna stjórnvaldsins, meðlimur ráðs þess, staðgengill annars hvors þeirra, eða meðlimur starfslíðs landsbundna stjórnvaldsins.

3. Stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila og varamenn þeirra skulu skipaðir vegna þekkingar þeirra á sviði rafrænna fjarskipta, með tilliti til viðeigandi stjórnunarhæfileika-, stjórnarsýslu- og fjármálastjórnunarhæfileika. Til að tryggja samfelldni í starfi stjórnar eftirlitsaðila skulu öll landsbundin stjórnvöld sem skipa menn í stjórn hennar gera ráðstafanir til að takmarka veltu stjórnarmanna sinna og einnig varamanna þeirra ef því verður við komið, og skulu þau hafa kynjajafnvægi að markmiði.

4. Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í öllum umræðum stjórnar eftirlitsaðila án atkvæðisréttar og skal fulltrúi hennar vera hæfilega háttsettur.

5. Uppfærður listi yfir stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila og varamenn þeirra skal birtur opinberlega ásamt hagsmunayfirlýsingum þeirra.

##### 8. gr.

#### Sjálfstæði stjórnar eftirlitsaðila

1. Stjórn eftirlitsaðila skal, við framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru falin og með fyrirvara um að stjórnarmenn hennar komi fram fyrir hönd landsbundinna stjórnvalda sinna, starfa sjálfstætt og hlutlægt í þágu Sambandsins án tillits til nokkurra landsbundinna hagsmuna eða einkahagsmuna.

2. Með fyrirvara um samræmingu þá sem um getur í 6. mgr. 3. gr. skulu stjórnarmenn stjórnar eftirlitsaðila og varamenn þeirra hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn, stofnun, einstaklingi eða aðila.

## 9. gr.

**Starfssvið stjórnar eftirlitsaðila**

Stjórn eftirlitsaðila skal gegna eftirfarandi hlutverkum:

- a) að uppfylla þau eftirlitsverkefni BEREC-hópsins sem sett eru fram í 4. gr., þ.e. að samþykkja þau álit, viðmiðunarreglur, skýrslur, tilmæli og sameiginlegar afstöður og miðla bestu starfsvenjum sem um getur í þeirri grein og reiða sig við það á undirbúningsvinnu vinnuhópanna,
- b) að taka stjórnarsýsluákvæðanir sem varða skipulagningu starfs BEREC-hópsins,
- c) að samþykkja árlega starfsáætlun BEREC-hópsins sem um getur í 21. gr.,
- d) að samþykkja ársskýrslu BEREC-hópsins um starfsemi hans sem um getur í 22. gr.,
- e) að samþykkja reglur um forvarnir gegn hagsmunaaárekstrum og meðferð þeirra eins og um getur í 42. gr., sem og um meðlimi vinnuhópanna,
- f) að samþykkja nákvæmar reglur um rétt til aðgangs að skjölum sem BEREC-hefur undir höndum, í samræmi við 36. gr.,
- g) að samþykkja og uppfæra reglulega, á grundvelli þarfagreiningar, samskipta- og miðlunaráætlanirnar sem um getur í 2. mgr. 37. gr.,
- h) að samþykkja starfsreglur sínar með meirihlutaatkvæðum tveggja þriðju stjórnarmanna sinna og birta þær opinberlega,
- i) að heimila, ásamt framkvæmdastjóranum, að gert sé samkomulag um vinnutilhögun við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, og við lögbær yfirvöld þriðju landa og við alþjóðastofnanir, í samræmi við 35. gr.,
- j) að koma á fót vinnuhópum og skipa formenn þeirra,
- k) að veita framkvæmdastjóra BEREC-skrifstofunnar leiðbeiningar varðandi framkvæmd verkefna BEREC-skrifstofunnar.

## 10. gr.

**Formaður og varaformenn stjórnar eftirlitsaðila**

1. Stjórn eftirlitsaðila skal skipa formann og minnst tvo varaformenn úr hópi stjórnarmanna sinna, með stuðningi tveggja þriðju af stjórnarmönnum sínum.
2. Annar varaformannanna skal sjálfkrafa taka við skyldum formanns ef sá síðarnefndi er ekki fær um að rækja þær skyldur.
3. Skipunartími formanns er eitt ár og er heimilt að endurnýja hann einu sinni. Til að tryggja samfelldni starfs BEREC-hópsins skal komandi formaður sitja í eitt ár sem varaformaður áður en hann tekur við formennskunni, ef því verður við komið. Í starfsreglunum skal kveða á um styttra varaformennskutímabil ef komandi formaður getur ekki setið sem varaformaður í eitt ár áður en hann tekur við embætti formanns.
4. Formaðurinn skal, með fyrirvara um hlutverk stjórnar eftirlitsaðila í tengslum við verkefni formannsins, hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn, stofnun, einstaklingi eða aðila.
5. Formaðurinn skal skila skýrslum til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd verkefna BEREC-hópsins þegar honum er boðið að gera það.

*11. gr.***Fundahald stjórnar eftirlitsaðila**

1. Formaðurinn skal boða til funda stjórnar eftirlitsaðila og skal stilla upp dagskrá fyrir þá fundi, sem skal birt opinberlega.
2. Stjórn eftirlitsaðila skal halda minnst tvo almenna fundi á ári.

Boða skal til aukafunda að frumkvæði formannsins, óski minnst þrjú stjórnarmenn eftir því eða ef framkvæmdastjórnin óskar þess.

3. Framkvæmdastjóri BEREC-skrifstofunnar skal taka þátt í öllum umræðum án atkvæðisréttar.
4. Stjórn eftirlitsaðila má bjóða hverjum þeim sem kann að hafa eitthvað til málanna að leggja að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúi.
5. Stjórnarmenn og varamenn í stjórn eftirlitsaðila mega, með fyrirvara um starfsreglur hennar, njóta aðstoðar ráðgjafa sinna eða annarra sérfræðinga á fundunum.
6. BEREC-skrifstofan skal sinna skrifstofuhaldi fyrir stjórn eftirlitsaðila.

*12. gr.***Reglur um atkvæðagreiðslur stjórnar eftirlitsaðila**

1. Stjórn eftirlitsaðila skal taka ákvarðanir sínar með atkvæðum einfalds meirihluta stjórnarmanna nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð eða öðrum lagagjöfningi Sambandsins.

Krafist skal meirihluta atkvæða tveggja þriðju stjórnarmanna í stjórn eftirlitsaðila til að samþykkja ákvarðanirnar sem um getur í ii. og v. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr. og viðmiðunarreglurnar sem um getur í i. til iv., vi., vii. og x. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði annarrar undirgreinar þessarar málsgreinar getur stjórn eftirlitsaðila ákveðið, með einföldum meirihluta atkvæða og í hverju tilviki fyrir sig, að samþykkja álit sem um getur í 4. gr. (ii. lið c-liðar 1. mgr.) þessarar reglugerðar með einföldum meirihluta þegar þær varða drög að ráðstöfunum sem falla undir ákvæði 76. gr. (2. mgr.) í tilskipun (ESB) 2018/1972 sem verða til þess að hrint er af stað verklagsreglum samkvæmt 33. gr. (5. mgr.) þeirrar tilskipunar.

Ákvarðanir stjórnar eftirlitsaðila skulu birtar opinberlega og í þeim skal koma fram hvort einhver stjórnarmaður hennar setur fyrirvara, óski hann eftir því.

2. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Í fjarveru stjórnarmanns skal varamaður hans fara með atkvæðisrétt hans.

Í fjarveru bæði stjórnarmanns og varamanns hans má veita öðrum stjórnarmanni atkvæðisrétt hans.

Formaðurinn má í öllum tilvikum fela öðrum rétt til að greiða atkvæði. Formaðurinn skal taka þátt í atkvæðagreiðslum nema hann hafi falið öðrum atkvæðisréttinn.

3. Í starfsreglum stjórnar eftirlitsaðila skal setja ítarlega fram það fyrirkomulag sem gildir við atkvæðagreiðslur, þ.m.t. skilyrði fyrir því að einn stjórnarmaður geti komið fram fyrir hönd annars stjórnarmanns, reglur sem gilda um ákvörðunarbærar meirihluta og fresti til að tilkynna fundi. Enn fremur skulu starfsreglurnar tryggja að stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila fái alltaf í hendur ítarlegar dagskrár og drög að tillögum fyrir hvern fund þannig að þeir hafi tækifæri til að leggja fram breytingartillögur áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Í starfsreglunum má m.a. setja fram verklagsreglu vegna atkvæðagreiðslu um áriðandi málefni og annað hagnýtt fyrirkomulag vegna starfsemi stjórnar eftirlitsaðila.

*13. gr.***Vinnuhópar**

1. Þegar færa má fyrir því rök, og einkum til að framkvæma árlega starfsáætlun BEREC-hópsins, má stjórn eftirlitsaðila koma á fót vinnuhópum.



2. Stjórn eftirlitsaðila skal skipa formenn vinnuhópanna og skulu þeir koma frá mismunandi landsbundnum eftirlitsaðilum ef því verður við komið.

3. Vinnuhóparnir skulu vera opnir fyrir þátttöku sérfræðinga frá öllum landsbundnum eftirlitsaðilum sem taka þátt í starfsemi BEREC-hópsins og einnig frá framkvæmdastjórninni.

Vinnuhóparnir skulu einnig vera opnir fyrir þátttöku starfsfólks BEREC-skrifstofunnar, sem skal taka þátt í eftirlitsvinnu vinnuhópanna jafnframt því að veita þeim stjórnsýslulegan stuðning.

Ef um er að ræða vinnuhópa sem var komið á fót til að sinna þeim verkefnum sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr. skulu sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar ekki taka þátt.

Í vinnuhópum sem er komið á fót til að sinna þeim verkefnum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. (iv., vi., vii. og viii. lið c-liðar, i., ii., ix. og xi. lið d-liðar, ii. lið j-liðar og l-lið) þessarar reglugerðar ásamt, ef við á, 1. mgr. 4. gr. (iii. lið c-liðar og i. lið j-liðar) hennar, skal taka tillit til skoðana sérfræðinga frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem fengið hafa um það tilkynningu skv. 5. gr. (4. mgr.) tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Stjórn eftirlitsaðila eða formenn vinnuhópanna mega bjóða einstökum sérfræðingum, sem viðurkenndir eru sem færir á viðeigandi sviði, til þátttöku í fundum vinnuhópanna ef nauðsyn krefur, í hverju tilviki fyrir sig.

4. Stjórn eftirlitsaðila skal samþykkja starfsreglur þar sem mælt er fyrir um hagnýtt fyrirkomulag vegna starfsemi vinnuhópanna.

#### V. KAFLI

#### SKIPULAG BEREC-SKRIFSTOFUNNAR

##### 14. gr.

#### Stjórnskipulag BEREC-skrifstofunnar

BEREC-skrifstofan skal samanstanda af:

- a) stjórn,
- b) framkvæmdastjóra.

##### 15. gr.

#### Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal samanstanda af þeim einstaklingum sem eru skipaðir stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila, ásamt einum háttsettum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Allir stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt.

Hvert landsbundið stjórnvald sem hefur tilnefningarvald, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr., má skipa einstakling, sem ekki er stjórnarmaður í stjórn eftirlitsaðila, sem stjórnarmann. Sá einstaklingur skal vera yfirmaður landsbundna stjórnvaldsins, meðlimur ráðs þess eða staðgengill annars hvors þeirra.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa varamann sem kemur fram fyrir hans hönd í fjarveru hans.

Varamenn allra stjórnarmanna skulu vera þeir einstaklingar sem eru skipaðir sem varamenn stjórnarmanna í stjórn eftirlitsaðila. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal einnig hafa varamann.

Hvert landsbundið stjórnvald sem hefur tilnefningarvald, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr., má skipa einstakling, sem ekki er varamaður stjórnarmanns í stjórn eftirlitsaðila, sem varamann stjórnarmannsins í stjórninni. Sá einstaklingur skal vera yfirmaður landsbundna stjórnvaldsins, meðlimur ráðs þess, staðgengill annars hvors þeirra, eða meðlimur starfsliðs landsbundna stjórnvaldsins.

3. Stjórnarmennirnir og varamenn þeirra skulu hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn, stofnun, einstaklingi eða aðila.
4. Uppfærður listi yfir stjórnarmenn og varamenn þeirra skal birtur opinberlega ásamt hagsmunayfirlýsingum þeirra.

16. gr.

#### Stjórnsýsluhlutverk stjórnarinnar

1. Stjórnin skal gegna eftirfarandi stjórnsýsluhlutverkum:
  - a) að miðla almennri stefnu um starfsemi BERIC-skrifstofunnar og samþykkja, til eins árs í senn, samræmt áætlunarskjal BERIC-skrifstofunnar með meirihlutaatkvæðum tveggja þriðju stjórnarmanna, með tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við 23. gr.,
  - b) að samþykkja, með meirihlutaatkvæðum tveggja þriðju stjórnarmanna, árlega fjárhagsáætlun BERIC-skrifstofunnar og sinna öðrum hlutverkum sem varða fjárhagsáætlun BERIC-skrifstofunnar samkvæmt VII. kafla,
  - c) að samþykkja, birta opinberlega og framkvæma mat á samsteyptri ársskýrslu um starfsemi BERIC-skrifstofunnar sem um getur í 27. gr. og leggja bæði skýrsluna og matið á henni fyrir Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og Endurskoðunarráðið, eigi síðar en 1. júlí ár hvert,
  - d) að samþykkja fjárhagsreglur sem eiga við BERIC-skrifstofuna í samræmi við 29. gr.,
  - e) að samþykkja áætlun sem beinist gegn svikum og er í réttu hlutfalli við hættu á svikum með tilliti til kostnaðar og ábata af ráðstöfununum sem hrundið verður í framkvæmd,
  - f) að tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli sem leiða af innri eða ytri endurskoðunarskýrslum og úttektum, sem og af rannsóknnum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF),
  - g) að samþykkja reglur um forvarnir og meðferð hagsmunaárekstra eins og um getur í 3. mgr. 42. gr.,
  - h) að samþykkja og uppfæra reglulega samskipta- og miðlunaráætlanirnar sem um getur í 2. mgr. 37. gr., á grundvelli þarfagreiningar,
  - i) að setja sér starfsreglur,
  - j) að samþykkja framkvæmdarreglur til að taka í notkun starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópusambandsins <sup>(18)</sup> í samræmi við 110. gr. starfsmannareglanna,
  - k) að beita, með fyrirvara um ákvörðunina sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., að því er varðar starfsfólk BERIC-skrifstofunnar, heimildum sem starfsmannareglurnar hafa falið tilnefningaryfirvaldinu og sem ráðningarskilmálar annarra starfsmanna fela yfirvaldinu sem hefur heimild til að gera ráðningarsamning („heimildir tilnefningaryfirvaldsins“),
  - l) að skipa framkvæmdastjóra og, eftir því sem við á, framlengja skipunartíma hans eða víkja úr embætti, í samræmi við 32. gr.,
  - m) að skipa þann sem annast skal bókhaldsstjórn, með fyrirvara um starfsmannareglurnar og ráðningarskilmála annarra starfsmanna, sem skal njóta fulls sjálfstæðis við framkvæmd skyldustarfa sinna,
  - n) að taka allar ákvarðanir um að koma upp innri uppbyggingu BERIC-skrifstofunnar og, ef nauðsyn krefur, um breytingu á henni með tilliti til þarfa BERIC-skrifstofunnar sem tengjast starfsemi hennar, sem og með hliðsjón af traustri fjárhagslegri stjórnun.

<sup>(18)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 frá 29. febrúar 1968 um starfsmannareglur embættismanna og reglur um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og sérstakar ráðstafanir sem eiga tímabundið við um embættismenn framkvæmdastjórnarinnar (Stjútíð. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1).

Að því er varðar m-lið fyrstu undirgreinar má BERIC-skrifstofan skipa sama aðila til að annast bókhaldsstjórn og önnur stofnun eða aðili Sambandsins. Einkum mega BERIC-skrifstofan og framkvæmdastjórnin koma sér saman um að sá sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar skuli einnig annast bókhaldsstjórn BERIC-skrifstofunnar.

2. Stjórnin skal samþykka, í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun sem byggist á 2. gr. (1. mgr.) starfsmannareglanna og 6. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna, um að framselja viðeigandi valdheimildir tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans, og skal í henni gera grein fyrir með hvaða skilyrðum má fella niður þetta framsal valds. Framkvæmdastjóranum skal vera heimilt að framselja þessar valdheimildir til annars aðila.

Í sérstökum undantekningartilvikum er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um að ógilda tímabundið framsal valdheimilda tilnefningaryfirvalds til framkvæmdastjórans og frekara framsal hins síðarnefnda til annars aðila og beita þeim sjálf eða framselja þær til einhvers stjórnarmanns eða annars starfsmanns en framkvæmdastjórans.

#### 17. gr.

### Formaður og varaformenn stjórnarinnar

1. Formaður og varaformenn stjórnarinnar skulu vera sömu einstaklingar og skipaðir eru í embætti formanns og varaformanna stjórnar eftirlitsaðila. Sami skipunartími skal gilda.

Stjórninni er heimilt, sem undanþágu frá fyrstu undirgrein og með meirihlutaatkvæðum tveggja þriðju stjórnarmanna, að kjósa aðra stjórnarmenn sem formann eða varaformann/varaformenn á meðal stjórnarmanna, sem eru fulltrúar aðildarríkja. Skipunartími þeirra skal vera sá sami og formanns og varaformanna stjórnar eftirlitsaðila.

2. Annar varaformannanna skal sjálfkrafa taka við skyldum formanns ef sá síðarnefndi er ekki fær um að rækja þær skyldur.
3. Formaður stjórnarinnar skal skila skýrslum um framkvæmd verkefna BERIC-skrifstofunnar til Evrópuþingsins og ráðsins þegar honum er boðið að gera það.

#### 18. gr.

### Fundir stjórnar

1. Formaðurinn skal boða til fundar stjórnarinnar.
2. Framkvæmdastjóri BERIC-skrifstofunnar skal taka þátt í umræðunum, nema þeim sem tengjast 32. gr., án atkvæðaréttar.
3. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Að auki skal formaðurinn boða til aukafunda að eigin frumkvæði, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, eða að beiðni minnst þriggja stjórnarmanna.
4. Stjórnin má bjóða hverjum þeim sem kann að hafa eitthvað til málanna að leggja að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.
5. Stjórnarmenn og varamenn þeirra mega, með fyrirvara um starfsreglur stjórnarinnar, njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga á fundunum.
6. BERIC-skrifstofan skal sinna skrifstofuhaldi fyrir stjórnina.

#### 19. gr.

### Reglur um atkvæðagreiðslu stjórnarinnar

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta stjórnarmanna nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.
2. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Í fjarveru stjórnarmanns hefur varamaður hans rétt til að neyta atkvæðisréttar.

Í fjarveru bæði stjórnarmanns og varamanns hans má veita öðrum stjórnarmanni atkvæðisrétt hans.

3. Formaðurinn má í öllum tilvikum fela öðrum rétt til að greiða atkvæði. Hann skal taka þátt í atkvæðagreiðslum nema hann hafi falið öðrum atkvæðisréttinn.
4. Í starfsreglum stjórnarinnar skal koma á fót nákvæmara fyrirkomulagi við atkvæðagreiðslu, einkum verklagi við atkvæðagreiðslu um áriðandi málefni og við hvaða kringumstæður stjórnarmaður megi koma fram fyrir hönd annars stjórnarmanns.

20. gr.

### Ábyrgð framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjórinn skal vera í forsvari fyrir stjórnarsýslulegan rekstur BEREC-skrifstofunnar. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórninni.
2. Framkvæmdastjórinn skal aðstoða formann stjórnar eftirlitsaðila og formann stjórnarinnar við undirbúning funda þessara tveggja aðila.
3. Framkvæmdastjórinn skal, með fyrirvara um valdsvið stjórnar eftirlitsaðila, stjórnarinnar og framkvæmdastjórnarinnar, njóta sjálfstæðis við framkvæmd verkefna sinna og skal hvorki leita eftir né taka við fyrirætlunum frá neinni ríkisstjórn, stofnun, einstaklingi eða aðila.
4. Framkvæmdastjórinn skal skila skýrslum til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd skylduverka sinna þegar honum er boðið að gera það.
5. Framkvæmdastjórinn er lagalegur fyrirvarsmáður BEREC-skrifstofunnar.
6. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á framkvæmd verkefna BEREC-skrifstofunnar og á að fara eftir leiðbeiningunum frá stjórn eftirlitsaðila og stjórninni. Framkvæmdastjórinn skal einkum bera ábyrgð á:
  - a) daglegum rekstri BEREC-skrifstofunnar,
  - b) framkvæmd stjórnvaldsákvæðana sem stjórn eftirlitsaðila og stjórnin samþykkja,
  - c) að taka saman samræmda áætlunarskjalið sem um getur í 23. gr. og leggja það fyrir stjórn eftirlitsaðila,
  - d) aðstoð við stjórn eftirlitsaðila við undirbúning ársskýrslu um starfsemi BEREC-hópsins eins og um getur í 22. gr.,
  - e) aðstoð við stjórn eftirlitsaðila við undirbúning árlegrar starfsáætlunar BEREC-hópsins eins og um getur í 21. gr.,
  - f) framkvæmd samræmda áætlunarskjalsins og skýrslugjöf til stjórnarinnar um framkvæmdina,
  - g) að semja drög að samsteyptri ársskýrslu um starfsemi BEREC-skrifstofunnar sem um getur í 27. gr. og leggja hana fyrir stjórnina til mats og samþykkis,
  - h) að semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum innri eða ytri endurskoðunarskýrslna og úttekta, auk rannsókna Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og að leggja framvinduskýrslu fyrir stjórnina minnst einu sinni á ári,
  - i) að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi með skilvirku eftirliti og, ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með stjórnarsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, þ.m.t. fjárhagslegum viðurlögum,
  - j) að semja áætlun um aðgerðir gegn svikum fyrir BEREC-skrifstofuna og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

- k) að semja drög að fjárhagsreglum fyrir BEREC-skrifstofuna,
- l) að semja drög að yfirlýsingu um áætlaðar tekjur og útgjöld BEREC-skrifstofunnar og framkvæma fjárhagsáætlun hennar,
- m) að heimila, ásamt stjórn eftirlitsaðila, að gert sé samkomulag um vinnutilhögun við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, og við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir, í samræmi við 35. gr.

7. Framkvæmdastjórinn skal, undir eftirliti stjórnarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir, einkum að því er varðar að samþykkja innri stjórnsýslufyrirmæli og birta tilkynningar, til að tryggja að BEREC-skrifstofan starfi í samræmi við þessa reglugerð.

8. Framkvæmdastjórinn skal, með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar, stjórnarinnar og viðkomandi aðildarríkja, ákveða hvort það sé nauðsynlegt fyrir framkvæmd verkefna BEREC-skrifstofunnar á skilvirkan og áhrifaríkan hátt að staðsetja einn eða fleiri starfsmenn í einu eða fleiri aðildarríkjum. Í ákvörðuninni skal tilgreina umfang þeirrar starfsemi, sem skal fara fram þannig að forðast megi óþarfa kostnað og tvöföldun stjórnsýsluhlutverka BEREC-skrifstofunnar. Áður en slík ákvörðun er tekin skal setja fram áhrif hennar á dreifingu starfsfólks og á fjárhagsáætlunina í áætluninni til margra ára sem um getur í 4. mgr. 23. gr.

## VI. KAFLI

### ÁÆTLANAGERÐ BEREC-HÓPSINS

#### 21. gr.

#### Árleg starfsáætlun BEREC-hópsins

1. Stjórn eftirlitsaðila skal hafa samþykkt ágríp af árlegu starfsáætluninni eigi síðar en 31. janúar á árinu á undan því ári sem árlega starfsáætlunin á við um. Stjórn eftirlitsaðila skal samþykkja endanlega árlega starfsáætlun eigi síðar en 31. desember það sama ár, eftir að hafa ráðfært sig við Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina um forgangsatíði þeirra, sem og alla aðra hagsmunaaðila, í samræmi við 5. mgr. 4. gr.

2. Stjórn eftirlitsaðila skal senda árlegu vinnuáætlunina til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um leið og hún hefur verið samþykkt.

#### 22. gr.

#### Ársskýrsla um starfsemi BEREC-hópsins

1. Stjórn eftirlitsaðilanna skal samþykkja ársskýrsluna um starfsemi BEREC-hópsins.

2. Stjórn eftirlitsaðilanna skal senda ársskýrsluna um starfsemina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins eigi síðar en 15. júní ár hvert.

## VII. KAFLI

### FJÁRHAGSÁÆTLUN OG ÁÆTLANAGERÐ BEREC-SKRIFSTOFUNNAR

#### 23. gr.

#### Ársáætlanir og áætlanir til margra ára

1. Á hvert skal framkvæmdastjórinn semja drög að áætlunarskjali sem inniheldur ársáætlanir og áætlanir til margra ára (samræmt áætlunarskjali) í samræmi við 32. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1271/2013, með tilliti til viðmiðunarreglna sem framkvæmdastjórnin setur.

Stjórnin skal, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, samþykkja drögin að samræmda áætlunarskjalinu og framsenda þau til framkvæmdastjórnarinnar til að fá álit hennar. Einnig skal leggja drögin að samræmda áætlunarskjalinu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Stjórnin skal því næst samþykkja samræmda áætlunarskjalið með tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar. Hún skal leggja fram samræmda áætlunarskjalið, sem og allar síðari uppfærslur á því, til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Samræmda áætlunarskjalið skal verða endanlegt þegar búið er að samþykkja almenn fjárlög Sambandsins og skal breyta því til samræmis við þau ef nauðsyn krefur.

2. Árlega áætlunarskjalið skal samanstanda af nákvæmum markmiðum og væntum niðurstöðum, þ.m.t. frammistöðuvísu. Það skal einnig innihalda lýsingu á þeim verkefnum sem á að fjármagna og upplýsingar um fjármagn og mannafla sem úthlutað er til hvers verkefnis, í samræmi við meginreglur verkgrundaðrar fjárlagagerðar og stjórnunar sem um getur í 31. gr. Árlega áætlunarskjalið skal samræmast ágrípinu af árlegri starfsáætlun BEREC-hópsins og endanlegri árlegri starfsáætlun hans, sem um getur í 21. gr., og einnig skjali BEREC-skrifstofunnar um áætlunir til margra ára sem vísað er til í 4. mgr. þessarar greinar. Þar skulu koma skýrt fram verkefni sem hefur verið bætt við, breytt eða eytt samanborið við næstliðið fjárhagsár.

3. Stjórnin skal, ef nauðsyn krefur, breyta árlega áætlunarskjalinu eftir að endanleg, árleg starfsáætlun BEREC-hópsins, sem um getur í 21. gr., hefur verið samþykkt og eins þegar BEREC-hópnum eða BEREC-skrifstofunni er fengið nýtt verkefni.

Beita skal sama verkferli við samþykkt allra grundvallarbreytinga á árlega áætlunarskjalinu og er notað við samþykkt upprunalega árlega áætlunarskjalsins. Stjórninni er heimilt að framselja valdið til að gera óverulegar breytingar á árlega áætlunarskjalinu til framkvæmdastjórans.

4. Í skjalinu um áætlunir til margra ára skal setja fram heildarskipulagsáætlun, þ.m.t. markmið, væntar niðurstöður og frammistöðuvísa. Í því skal einnig setja fram áætlun um tilföng, þ.m.t. um fjárhagsáætlun til margra ára og um starfsfólk.

Áætlunin um tilföng skal uppfærð árlega. Skipulagsáætlunin skal einnig uppfærð eftir því sem við á, einkum til að bregðast við niðurstöðunum úr úttektinni sem um getur í 48. gr.

5. Samræmt áætlunarskjal BEREC-skrifstofunnar skal ná til framkvæmdarinnar á áætlun BEREC-hópsins um samskipti við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, sérstofnanir og ráðgjafarhópa, við lögbær yfirvöld þriðju landa og við alþjóðastofnanir, eins og um getur í 3. mgr. 35. gr., til aðgerða sem tengjast þeirri áætlun og tilgreiningar á tilheyrandi tilföngum.

24. gr.

### Gerð fjárhagsáætlunar

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja drög að bráðabirgðaáætlun um tekjur og útgjöld (hér eftir nefnd drögin að áætluninni) BEREC-skrifstofunnar fyrir næstkomandi fjárhagsár, þ.m.t. yfirlit um stöðugildi, og leggja þau fyrir stjórnina.

Upplýsingarnar í drögum að áætluninni skulu samræmast drögum að samræmda áætlunarskjalinu sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

2. Framkvæmdastjórinn skal leggja drögin að áætluninni fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja drögin að áætluninni fyrir fjárveitingavaldið með drögum að fjárlögum Sambandsins.

4. Á grundvelli draganna að áætluninni skal framkvæmdastjórinn fella inn í drögin að fjárlögum Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirliti um stöðugildi og framlag það sem veita skal af fjárlögum, og leggja þá fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 313. og 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Fjárveitingavaldið skal heimila fjárveitingar fyrir framlagið til BEREC-skrifstofunnar.

6. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlit um stöðugildi BEREC-skrifstofunnar.
7. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun BEREC-skrifstofunnar. Fjárhagsáætlunin verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins. Ef þörf krefur skal henni breytt til samræmis við þau.
8. Ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1271/2013 skulu gilda um öll byggingarverkefni sem líklegt er að hafi mikil áhrif á fjárhagsáætlun BEREC-skrifstofunnar.

25. gr.

#### **Uppbygging fjárhagsáætlunarinnar**

1. Útbúa skal áætlun yfir allar tekjur og öll útgjöld BEREC-skrifstofunnar fyrir hvert fjárhagsár, sem samsvarar almanaksárinu, og skal hún birt í fjárhagsáætlun BEREC-skrifstofunnar.
2. Jafnvægi skal vera milli tekna og útgjalda í fjárhagsáætlun BEREC-skrifstofunnar.
3. Tekjur BEREC-skrifstofunnar skulu, með fyrirvara um önnur tilföng, samanstanda af:
  - a) framlögum frá Sambandinu,
  - b) valfrjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjunum eða landsbundnu stjórnvöldunum,
  - c) gjöldum fyrir útgáfu og aðra þjónustu sem BEREC-skrifstofan veitir,
  - d) framlögum frá þriðju löndum eða frá lögbærum stjórnvöldum þriðju landa á sviði rafrænna fjarskipta sem taka þátt í starfi BEREC-skrifstofunnar, eins og kveðið er á um í 35. gr.
4. Útgjöld BEREC-skrifstofunnar skulu m.a. felast í launagreiðslum til starfsfólks, útgjöldum vegna stjórnsýslu og innra skipulags og rekstrarútgjöldum.

26. gr.

#### **Framkvæmd fjárhagsáætlunar**

1. Framkvæmdastjórinn skal framkvæma fjárhagsáætlun BEREC-skrifstofunnar.
2. Á hvert skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið allar upplýsingar sem varða niðurstöður úr úttektarferlum.

27. gr.

#### **Samsteypt ársskýrsla um starfsemina**

Stjórnin skal samþykkja samsteyptar ársskýrslur um starfsemina í samræmi við 47. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1271/2013, með tilliti til viðmiðunarreglna frá framkvæmdastjórninni.

28. gr.

#### **Reikningsskil og staðfesting reikninga**

1. Sá sem annast bókhaldsstjórn BEREC-skrifstofunnar skal leggja bráðabirgðareikningsskil fjárhagsárins fyrir þann sem annast bókhaldsstjórn framkvæmdastjórnarinnar og fyrir Endurskoðunarrettinn eigi síðar en 1. mars næsta fjárhagsár.
2. BEREC-skrifstofan skal leggja skýrsluna um fjárhagsáætlunina og fjármálastjórnunina fyrir Evrópuþingið, ráðið og Endurskoðunarrettinn eigi síðar en 31. mars næsta fjárhagsár.
3. Að fengnum athugasemdum Endurskoðunarrettarins um bráðabirgðareikningsskil BEREC-skrifstofunnar skal sá sem annast bókhaldsstjórn skrifstofunnar taka saman endanleg reikningsskil hennar á sína eigin ábyrgð. Framkvæmdastjórinn skal leggja endanlegu reikningsskilin fyrir stjórnina til álitsgerðar.
4. Stjórnin skal skila álitum um endanleg reikningsskil BEREC-skrifstofunnar.

5. Framkvæmdastjórinn skal leggja endanleg reikningsskil fyrir Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og Endurskoðunarréttinn ásamt álitum stjórnarinnar, eigi síðar en 1. júlí eftir lok hvers fjárhagsárs.
6. BEREC-skrifstofan skal birta endanlegu reikningsskilin í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eigi síðar en 15. nóvember næsta árs.
7. Framkvæmdastjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september næsta árs. Framkvæmdastjórinn skal einnig senda stjórninni það svar.
8. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að beita verklagsreglum við staðfestingu reikninga fjárhagsársins sem um ræðir, í samræmi við 3. mgr. 165. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) 2018/1046 <sup>(19)</sup>.
9. Að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, skal Evrópuþingið, eigi síðar en 15. maí árið N + 2, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

29. gr.

### Fjárhagsreglur

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir BEREC-skrifstofuna að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá framseldri reglugerð (ESB) nr. 1271/2013, nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs BEREC-skrifstofunnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

## VIII. KAFLI

### STARFSFÓLK BEREC-SKRIFSTOFUNNAR

30. gr.

### Almennt ákvæði

Starfsmannareglunar, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna og reglur sem stofnanir Sambandsins hafa samþykkt sameiginlega til beitingar á þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna gilda um starfsfólk BEREC-skrifstofunnar.

31. gr.

### Fjöldi starfsfólks BEREC-skrifstofunnar

1. Í samræmi við meginregluna um verkgrundaða stjórnun mannauðs skal BEREC-skrifstofan hafa þann fjölda starfsfólks sem þarf til að sinna verkefnum hennar.
2. Leggja skal fram tillögur um fjölda starfsfólks og samsvarandi fjármagn í samræmi við 23. gr. (2. og 4. mgr.) og 24. gr. (1. mgr.), með tilliti til 5. gr. (a-liðar) og allra annarra verkefna sem BEREC-skrifstofunni eru fengin í hendur með þessari reglugerð eða öðrum lagagjöfningum Sambandsins, sem og til þarfarinnar fyrir að fara að þeim reglugerðum sem gilda um sjálfstæðar stofnanir Sambandsins.

32. gr.

### Skipun framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjórinn skal skipaður sem tímabundið ráðinn starfsmaður BEREC-skrifstofunnar í samræmi við a-lið 2. gr. ráðningarskilyrða annarra starfsmanna.
2. Framkvæmdastjórinn skal skipaður af stjórninni að loknu opnu og gagnsæju valferli, á grundvelli verðleika og færni á sviði stjórnunar, stjórnýslu og fjármálastjórnunar og færni og reynslu sem varða rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

<sup>(19)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stj. tíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).



Listinn yfir umsækjendur skal ekki lagður fram af formanninum eða varaformanni einum og sér. Í starfsreglum stjórnarinnar skal setja fram nákvæma lýsingu á fyrirkomulaginu sem ræður ferlinu við val á úrtakslista yfir umsækjendur, ásamt ferli við atkvæðagreiðslu.

3. Stjórnarformaðurinn skal gera samning við framkvæmdastjórann fyrir hönd BEREC-skrifstofunnar.
4. Fyrir skipunina skal umsækjandanum, sem stjórnin velur, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bætti nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna.
5. Skipunartími framkvæmdastjórans er fimm ár. Undir lok þess tímabils skal formaður stjórnarinnar framkvæma mat þar sem tekið er tillit til úttektar á frammistöðu framkvæmdastjórans og verkefna og áskorana BEREC-skrifstofunnar. Senda skal matið til Evrópuþingsins og ráðsins.
6. Stjórninni er heimilt, með tilliti til matsins sem um getur í 5. mgr., að framlengja skipunartíma framkvæmdastjórans einu sinni, þá ekki lengur en til fimm ára.
7. Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um allar fyrirætlanir um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjórans. Þjóða má framkvæmdastjóranum, innan mánaðar áður en slík framlenging er gerð, að gefa yfirlýsingu frammi fyrir lögbærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum nefndarmanna.
8. Hafi skipunartími framkvæmdastjóra verið framlengdur skal hann ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sama embætti að heildartímabilinu loknu.
9. Ef skipunartíminn er ekki framlengdur skal framkvæmdastjórinn, samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, sitja í embætti fram yfir lok upphaflega skipunartímans og þar til eftirmaður hans er skipaður.
10. Einungis má víkja framkvæmdastjóranum úr starfi með ákvörðun stjórnarinnar, að tillögu stjórnarmanns.
11. Stjórnin skal taka ákvarðanir um skipun framkvæmdastjóra, framlengingu skipunartíma hans eða brottvikningu úr starfi á grundvelli meirihlutaatkvæða tveggja þriðju af stjórnarmönnum.

33. gr.

#### **Landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk**

1. BEREC-skrifstofunni er heimilt að njóta liðsinnis landssérfræðinga sem lánaðir eru til starfa eða annars starfsfólks sem ekki er ráðið til starfa af henni. Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna gilda ekki um slíkt starfsfólk.
2. Stjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um lán landssérfræðinga til BEREC-skrifstofunnar til tímabundinna starfa.

IX. KAFLI

#### **ALMENN ÁKVÆÐI**

34. gr.

#### **Sérréttindi og friðhelgi**

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins gildir um BEREC-skrifstofuna og starfsfólk hennar.

35. gr.

#### **Samstarf við stofnanir Sambandsins, þriðju lönd og alþjóðastofnanir**

1. BEREC-hópnum og BEREC-skrifstofunni er heimilt að eiga samstarf við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, og við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að ná fram markmiðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð og til að sinna verkefnum sínum og með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna og stofnana Sambandsins.

BEREC-hópnum og BEREC-skrifstofunni er í þeim tilgangi heimilt að gera samkomulag um vinnutilhögun með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar. Samkomulag þetta skal ekki skapa lagalegar skuldbindingar.

2. Stjórn eftirlitsaðila, vinnuhóparnir og stjórnin skulu vera opin fyrir þátttöku stjórnvalda þriðju landa sem hafa frumskyldur á sviði rafræna fjarskipta, hafi umrædd þriðju lönd gert samninga þess efnis við Sambandið.

Þróa skal samkomulag um vinnutilhögun í samræmi við viðeigandi ákvæði þessara samninga og í þeim skal einkum tilgreina eðli, umfang og aðferðir við þátttöku landsbundinna stjórnvalda umræddra þriðju landa, sem munu taka þátt í starfi BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar án atkvæðisréttar, þ.m.t. ákvæði sem varða þátttöku í framtaksverkefnum sem BEREC-hópurinn framkvæmir, fjárframlög og starfsfólk BEREC-skrifstofunnar. Hvað starfsfólki viðkemur skal þessi vinnutilhögun í öllum tilvikum uppfylla starfsmannareglurnar.

3. Stjórn eftirlitsaðila skal, sem hluti af árlegu starfsáætluninni sem um getur í 21. gr., samþykkja áætlun BEREC-hópsins um samskipti við lögbærar stofnanir Sambandsins, skrifstofur, fagstofnanir og ráðgjafarhópa, við lögbær yfirvöld þriðju landa og við alþjóðastofnanir í tengslum við málefni sem liggja innan valdssviðs BEREC-hópsins. Framkvæmdastjórnin, BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan skulu koma sér saman um viðeigandi vinnutilhögun til að tryggja að BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan starfi innan umboðs síns og þess stofnanaramma sem fyrir hendi er.

36. gr.

#### Aðgangur að skjölum og gagnavernd

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 <sup>(20)</sup> gildir um gögn í vörslu BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar.

2. Stjórn eftirlitsaðila og stjórnin skulu samþykkja nákvæmar reglur um beitingu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 eigi síðar en 21. júní 2019.

3. Vinnsla BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar á persónuupplýsingum skal fara fram með fyrirvara um reglugerð (ESB) 2018/1725.

4. Stjórn eftirlitsaðila og stjórnin skulu, fyrir 21. júní 2019, koma sér upp ráðstöfunum um beitingu BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 2018/1725, þ.m.t. þeim sem varða skipun gagnaverndarfulltrúa BEREC-skrifstofunnar. Þessar ráðstafanir skulu gerðar að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina.

37. gr.

#### Gagnsæi og samskipti

1. BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan skulu sjá til þess að starfsemi þeirra fari fram með mjög gagnsæjum hætti. BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan skulu sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái viðeigandi, hlutlægar, áreiðanlegar og auðfengnar upplýsingar, einkum að því er varðar verkefni þeirra og niðurstöður úr starfi þeirra.

2. BEREC-hópnum er heimilt, með stuðningi BEREC-skrifstofunnar, að taka þátt í samskiptum að eigin frumkvæði og innan valdheimilda sinna, í samræmi við viðeigandi samskipta- og miðlunaráætlanir sem stjórn eftirlitsaðila hefur samþykkt. Úthlutun fjármagns til slíks stuðnings við samskiptastarf innan fjárhagsáætlunar BEREC-skrifstofunnar skal ekki hafa skaðleg áhrif á skilvirka framkvæmd verkefna BEREC-hópsins sem um getur í 4. gr. eða verkefna BEREC-skrifstofunnar sem um getur í 5. gr.

Samskiptastarf BEREC-skrifstofunnar skal fara fram í samræmi við viðeigandi samskipta- og miðlunaráætlanir sem stjórnin hefur samþykkt.

<sup>(20)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

38. gr.

### Trúnaðarkvöð

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 40. gr. skulu BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan ekki greina þriðju aðilum frá upplýsingum sem þau vinna með eða fá afhentar ef lögð hefur verið fram rökstudd beiðni um trúnaðarmeðferð þeirra, að hluta til eða í heild.
2. Stjórnarmenn og aðrir þátttakendur í fundum stjórnar eftirlitsaðila, stjórnarinnar og vinnuhópanna, framkvæmdastjórnin, landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk sem ekki er ráðið til starfa af BEREC-skrifstofunni skulu fara að ákvæðum 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem varða kröfur um þagnarskyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum.
3. Stjórn eftirlitsaðila og stjórnin skulu mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til framkvæmdar á reglunum um þagnarskyldu sem um getur í 1. og 2. mgr.

39. gr.

### Öryggisreglur um verndun trúnaðarupplýsinga og viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru bundnar trúnaði

BEREC-hópurinn og BEREC-skrifstofan skulu samþykka sínar eigin öryggisreglur sem samsvara öryggisreglum framkvæmdastjórnarinnar um verndun trúnaðarupplýsinga ESB og viðkvæmra upplýsinga sem eru ekki bundnar trúnaði, m.a. með ákvæðum um skipti, vinnslu og geymslu slíkra upplýsinga eins og sett er fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 <sup>(21)</sup> og (ESB, KBE) 2015/444 <sup>(22)</sup>. Að öðrum kosti er BEREC-hópnum og BEREC-skrifstofunni heimilt að samþykka ákvörðun um að beita reglum framkvæmdastjórnarinnar að breyttu breytanda.

40. gr.

### Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin og landsbundnu stjórnvöldin sem eiga fulltrúa í stjórn eftirlitsaðila og önnur lögbær yfirvöld skulu, að rökstuddri beiðni BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar og á tímanlegan og nákvæman hátt, veita BEREC-hópnum eða BEREC-skrifstofunni allar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt verkefnum sínum, að því tilskildu að þau hafi löglegan aðgang að viðeigandi upplýsingum og að beiðnin um upplýsingar sé nauðsynleg í tengslum við eðli viðkomandi verkefnis.

BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan getur einnig óskað eftir að slíkar upplýsingar verði lagðar fram með reglulegu millibili og á tilgreindu formi. Slíkar beiðnir skal leggja fram á hefðbundnu skýrslusniði ef því verður við komið.

2. BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan skal, að rökstuddri beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða landsbundins stjórnvalds, leggja fram, á tímanlegan og nákvæman hátt, hverjar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að framkvæmdastjórnin, landsbundna stjórnvaldið eða annað lögbært yfirvald geti sinnt verkefnum sínum, samanber meginregluna um samstarf af heilindum. Þegar BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan telur upplýsingar vera trúnaðarmál skal framkvæmdastjórnin, landsbundna stjórnvaldið eða annað lögbært yfirvald tryggja slíkan trúnað í samræmi við lög Sambandsins og landslög, þ.m.t. reglugerð (EB) nr. 1049/2001. Viðskiptaleynd skal ekki hindra tímanleg upplýsingaskipti.

3. Áður en óskað er eftir upplýsingum í samræmi við þessa grein og til að forðast tvíverknað vegna gagnaskilakvaðar skal BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan taka til athugunar allar viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir á opinberum vettvangi.

4. Leggi landsbundin stjórnvöld ekki fram upplýsingar á tímanlegan hátt er BEREC-hópnum eða BEREC-skrifstofunni heimilt að beina rökstuddri beiðni annað hvort til annarra landsbundinna stjórnvalda og annarra lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki eða beint til viðkomandi fyrirtækja sem láta í té rafræn fjarskiptanet, þjónustu og tilheyrandi aðstöðu.

<sup>(21)</sup> Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál í framkvæmdastjórninni (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

<sup>(22)</sup> Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um reglur varðandi öryggismál til verndar trúnaðarupplýsingum ESB (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan skal tilkynna landsbundnu stjórnvöldunum, sem hafa ekki lagt fram upplýsingar sem óskað var eftir í samræmi við fyrstu undirgrein, um það.

Landsbundnu stjórnvöldin skulu aðstoða BEREC-hópinum við upplýsingaöflun, óski BEREC-hópurinn eða BEREC-skrifstofan þess.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast þess að önnur ábyrg landsbundin yfirvöld eða fyrirtæki sem láta í té rafræn fjarskiptanet og þjónustu, tilheyrandi aðstöðu eða tengda þjónustu leggi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þau geti unnið að þeim verkefnum sínum sem um getur í þessari grein.

Önnur ábyrg landsbundin yfirvöld eða fyrirtæki sem um getur í fyrstu undirgrein skulu leggja fram slíkar upplýsingar tafarlaust þegar þeirra er óskað og í samræmi við þau tímamörk og þá nákvæmni sem óskað er eftir.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að landsbundnum stjórnvöldum og öðrum lögbærum yfirvöldum sé veitt vald til þess að framfylgja slíkum upplýsingabeidnum með því að leggja á viðurlög sem eru viðeigandi, hlutfallsleg og hafa varnaðaráhrif.

41. gr.

#### Upplýsinga- og fjarskiptakerfi

- BEREC-skrifstofan skal koma á fót og reka upplýsinga- og fjarskiptakerfi sem býr a.m.k. yfir eftirfarandi:
  - sameiginlegum vettvangi til upplýsingaskipta sem veitir BEREC-hópnum, framkvæmdastjórninni og landsbundnum stjórnvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir samræmda framkvæmd regluramma Sambandsins um rafræn fjarskipti,
  - sérhæfðum skilfleti fyrir upplýsingabeidnir og tilkynningar um slíkar beiðnir eins og um getur í 40. gr., sem BEREC-hópurinn, BEREC-skrifstofan, framkvæmdastjórnin og landsbundin stjórnvöld skulu hafa aðgang að,
  - vettvangi fyrir snemmgreiningu á þörfinni fyrir samræmingu milli landsbundinna stjórnvalda.
- Stjórnin skal samþykkja tækni- og virkniforskriftir í þeim tilgangi að koma á fót upplýsinga- og fjarskiptakerfinu sem um getur í 1. mgr. Það kerfi skal háð hugverkaréttindum og því stigi trúnaðarkvaðar sem krafist er.
- Upplýsinga- og fjarskiptakerfið skal vera komið í gagnid egi síðar en 21. júní 2020.

42. gr.

#### Hagsmunayfirlýsingar

1. Stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila og stjórninni, framkvæmdastjórnin, landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk sem ekki er ráðið til starfa af BEREC-skrifstofunni skulu, hvert fyrir sig, gefa skriflega yfirlýsingu sem gefur til kynna skuldbindingar þeirra og skort á eða tilvist beinna eða óbeinna hagsmuna sem gætu haft áhrif á sjálfstæði þeirra.

Slíkar yfirlýsingar skulu gefnar um leið og viðkomandi hefur störf, skulu vera réttar og fullfrægengnar og skulu uppfærðar þegar hætta er á að beinir eða óbeinir hagsmunir komi upp sem telja má að stefnt geti sjálfstæði þess einstaklings sem gefur yfirlýsinguna í hættu.

Yfirlýsingar stjórnarmanna í stjórn eftirlitsaðila, stjórnarmanna stjórnarinnar og framkvæmdastjórnans skulu birtar opinberlega.

2. Stjórnarmenn í stjórn eftirlitsaðila, stjórnarmenn stjórnar og meðlimir vinnuhópanna og aðrir þátttakendur í fundum þeirra, framkvæmdastjórnin, landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk sem ekki er ráðið til starfa af BEREC-skrifstofunni skulu, hvert um sig á réttan og fullfrægenginn hátt, lýsa yfir, eigi síðar en við upphaf hvers fundar, öllum hagsmunum sem telja má að stefnt geti sjálfstæði þeirra í hættu í tengslum við dagskrárliði fundarins, og skulu sitja hjá í umræðum og atkvæðagreiðslu um slíka dagskrárliði.

3. Stjórn eftirlitsaðila og stjórnin skulu mæla fyrir um reglur til að koma í veg fyrir og meðhöndla hagsmunaaðrekstra, þá einkum um hagnýtt fyrirkomulag á beitingu ákvæða 1. og 2. mgr.

43. gr.

### Barátta gegn svikum

1. Til að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins <sup>(23)</sup> (ESB, KBE) nr. 883/2013 skal BEREC-skrifstofan, eigi síðar en 21. júní 2019, gerast aðili að stofnanasamstarfssamningi Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna frá 25. maí 1999 um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) <sup>(24)</sup> og samþykka viðeigandi ákvæði sem gilda um alla starfsmenn BEREC-skrifstofunnar, og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum við þann samning.

2. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangsskoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins frá BEREC-skrifstofunni.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur rannsakað, þ.m.t. með eftirliti og athugunum á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 <sup>(25)</sup> til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkávörðun eða samning sem er fjármagnaður af BEREC-skrifstofunni.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir innihalda ákvæði sem veita Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

44. gr.

### Bótaábyrgð

1. Skaðabótaábyrgð BEREC-skrifstofunnar innan samninga skal falla undir þau lög sem gilda um viðkomandi samning.

2. Dómstóll Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur Dómstóllinn) skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem BEREC-skrifstofan hefur gert.

3. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber BEREC-skrifstofunni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem deildir eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur í 3. mgr.

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart BEREC-skrifstofunni fer eftir ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum eða ráðningarskilmálum sem gilda um það.

<sup>(23)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

<sup>(24)</sup> Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

<sup>(25)</sup> Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

45. gr.

### Stjórnsýslurannsóknir

Umboðsmaður Evrópusambandsins skal hafa eftirlit með starfsemi BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

46. gr.

### Tungumálanotkun

1. Reglugerð nr. 1 <sup>(26)</sup> skal gilda um BEREC-skrifstofuna.
2. Nauðsynleg þýðingþjónusta vegna starfsemi BEREC-skrifstofunnar skal veitt af Þýðingamiðstöðinni fyrir stofnanir Evrópusambandsins.

X. KAFLI

### LOKAÁKVÆÐI

47. gr.

### Samningur um höfuðstöðvar og rekstrarskilyrði

1. Í samningi um höfuðstöðvar á milli BEREC-skrifstofunnar og gístiaðildarríkisins, sem gerður er að fengnu samþykki stjórnarinnar og eigi síðar en 21. desember 2020, skal kveðið á um nauðsynlegt fyrirkomulag varðandi húsnæði, sem BEREC-skrifstofunni er látið í té í gístiaðildarríkinu og aðstöðu sem aðildarríkið sér henni fyrir, og auk þess sérstakar reglur sem gilda skulu í viðkomandi aðildarríki um framkvæmdastjórnann, stjórnarmenn stjórnarinnar, starfsmenn BEREC-skrifstofunnar og fjölskyldur þeirra.
2. Gístiaðildarríkið skal sjá BEREC-skrifstofunni fyrir þeim aðstæðum sem þarf til að tryggja hnökralausa og skilvirka starfsemi hennar, þ.m.t. menntun á evrópskan mælikvarða sem fram fer á mörgum tungumálum og viðeigandi samgöngu-tengingar.

48. gr.

### Úttekt

1. Eigi síðar en 21. desember 2023, og síðan á fimm ára fresti, skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat í samræmi við viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar til að meta frammistöðu BEREC-skrifstofunnar og BEREC-hópsins í tengslum við markmið þeirra, umboð, verkefni og staðsetningu. Í matinu skal sérstaklega fjalla um hvort þörf sé á að breyta uppbyggingu eða umboði BEREC-hópsins og BEREC-skrifstofunnar, og einnig um fjárhagsleg áhrif slíkra breytinga.
2. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta rekstur BEREC-hópsins eða BEREC-skrifstofunnar með tilliti til þeirra markmiða sem hún á að uppfylla, umboðs hennar og verkefna, getur hún lagt til að þessari reglugerð verði breytt til samræmis við það eða hún felld úr gildi.
3. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu um niðurstöður úttektarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins og stjórnarinnar og skal birta þær niðurstöður opinberlega.

49. gr.

### Umbreytingarákvæði

1. BEREC-skrifstofan tekur við af skrifstofunni sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1211/2009 að því er varðar eignarhald, samninga, lagalegar skuldbindingar, ráðningarsamninga, fjárhagsskuldbindingar og skuldbindingar.

<sup>(26)</sup> Reglugerð nr. 1, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu (Stjttíð. EB 17, 6.10.1958, bls. 385).

Einkum skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur starfsfólks skrifstofunnar. Endurnýja má samninga þeirra samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við starfsmannareglurnar og ráðningarskilmála annarra starfsmanna og í samræmi við fjárhagslegar skorður BEREK-skrifstofunnar.

2. Skrifstofustjórinn sem var skipaður á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 1211/2009 skal sinna hlutverki framkvæmdastjóra og sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, frá og með 20. desember 2018. Önnur skilyrði í samningi skrifstofustjórans skulu haldast óbreytt.

3. Stjórninni er heimilt að ákveða að endurnýja skipunartíma framkvæmdastjóra sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar sem nemur öðru skipunartímabili. Ákvæði 5. og 6. mgr. 32. gr. gilda að breyttu breytanda. Heildarskipunartími framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en 10 ár.

4. Þar til nýir fulltrúar eru skipaðir skulu stjórn eftirlitsaðila og stjórnin sem um getur í 7. og 15. gr. þessarar reglugerðar myndaðar af stjórnarmönnum í stjórn eftirlitsaðila og stjórnarmönnum stjórnarnefndarinnar sem um getur í 4. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1211/2009.

5. Formenn og varaformenn stjórnar eftirlitsaðila og stjórnarnefndarinnar sem voru skipaðir á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 skulu sitja áfram sem formaður og varaformenn stjórnar eftirlitsaðila sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar og sem formaður og varaformenn stjórnarinnar sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar þar til eins árs skipunartíma þeirra lýkur. Virða skal skipun formanna og varaformanna stjórnar eftirlitsaðila og stjórnarnefndarinnar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 sem fór fram fyrir 20. desember 2018 en nær fram yfir þá dagsetningu.

6. Málsmeðferð við lausn undan ábyrgð með tilliti til fjárhagsáætlunar sem var samþykkt á grundvelli 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 skal framkvæmd í samræmi við reglurnar sem settar voru með þeirri reglugerð.

50. gr.

### Breytingar á reglugerð (ESB) 2015/2120

Reglugerð (ESB) 2015/2120 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og smásölugjöld fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB og reglugerð (ESB) nr. 531/2012“,

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um sameiginlegar reglur til að tryggja að ekki sé innheimt óhóflegt verð af neytendum fyrir númeratengd fjarskipti milli einstaklinga sem eiga uppruna sinn í því aðildarríki þar sem innanlands-söluaðili neytandans er staðsettur og eru móttekin í fastlínu- eða farsímanúmeri í öðru aðildarríki.“

3) Eftirfarandi liðir bætast við aðra málsgrein 2. gr.:

„3) „reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja“: öll númeratengd fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem á uppruna sinn í því aðildarríki þar sem innanlandssöluaðili neytandans er staðsettur og eru móttekin í fastlínu- eða farsímanúmeri í öðru aðildarríki þar sem gjald er tekið að öllu leyti eða að hluta til fyrir raunverulega notkun,

4) „númeratengd fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga“: númeratengd fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga eins og hún er skilgreind í 6. lið 2. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 (\*).

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).“

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

#### **Smásölugjöld fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja**

1. Frá og með 15. maí 2019 skal ekkert smásöluverð (fyrir utan VSK) sem neytendur þurfa að greiða fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja vera hærra en 0,19 evrur á mínútu fyrir símtöl og 0,06 evrur fyrir hver smáskilaboð.

2. Þrátt fyrir skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. er söluaðilum reglustýrðra fjarskipta á milli ESB-ríkja heimilt að bjóða aukalega, og neytendum að velja gagnert, gjaldskrá fyrir alþjóðleg fjarskipti, þ.m.t. fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja, sem er önnur en sú sem mælt er fyrir um í samræmi við 1. mgr., þar sem neytendur njóta annarrar gjaldskrár fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja en þeir mundu hafa fengið væri slíkur valkostur ekki fyrir hendi. Áður en neytendur velja slíka aðra gjaldskrá er söluaðila reglustýrðra fjarskipta á milli ESB-ríkja skylt að tilkynna þeim um eðli þeirra kosta sem myndu þannig tapast.

3. Fari gjaldskrá fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja sem um getur í 2. mgr. yfir þökin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal neytendum, sem ekki hafa staðfest eða gefið til kynna innan tveggja mánaða frá 15. maí 2019 að þeir velji einhverja gjaldskrá sem um getur í 2. mgr., sjálfkrafa úthlutuð sú gjaldskrá sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Neytendum er heimilt að skipta án endurgjalds úr eða yfir í þá gjaldskrá sem mælt er fyrir um í 1. mgr., innan eins virks dags frá móttöku söluaðilans á beiðninni og skulu söluaðilar sjá til þess að slík umskipti feli ekki í sér skilyrði eða takmarkanir að því er varðar aðra þætti áskriftarinnar en reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja.

5. Ef hámarksgjöldin í 1. mgr. eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evru skulu upphafleg mörk tilgreind í þeim gjaldmiðlum með því að nota meðaltal viðmiðunargengisins sem Seðlabanki Evrópu birti 15. janúar, 15. febrúar og 15. mars 2019 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Endurskoða skal mörkin í öðrum gjaldmiðlum en evru árlega frá 2020. Mörkin sem endurskoðuð eru árlega í þessum gjaldmiðlum skulu gilda frá 15. maí með meðaltali viðmiðunargengisins sem birt er 15. janúar, 15. febrúar og 15. mars á því sama ári.

6. Landsbundin stjórnvöld skulu vakta markaðinn og þróun verðs fyrir reglustýrð fjarskipti á milli ESB-ríkja og skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslur um það.

Sýni söluaðili reglustýrðra fjarskipta á milli ESB-ríkja fram á að vegna sérstakra undantekningartilvika og aðstæðna sem skilja hann frá flestum öðrum söluaðilum í Sambandinu myndi beiting þaksins sem um getur í 1. mgr. hafa umtalsverð áhrif á getu þess söluaðila til að viðhalda verðlagningu sinni fyrir fjarskipti innanlands getur landsbundna stjórnvaldið, óski þessi söluaðili eftir því, veitt undanþágu frá ákvæði 1. mgr. til eins árs, einungis að því marki sem nauðsynlegt er og sem hægt er að endurnýja til eins árs í senn. Mat á sjálfbærni verðlagningarlíkansins fyrir innanlandsmarkað skal byggjast á viðeigandi hlutlægum þáttum sem bundnir eru við þennan söluaðila reglustýrðra fjarskipta á milli ESB-ríkja, sem og á verði fyrir innanlandsfjarskipti og á tekjum.



Hafi söluaðilinn sem sækir um undanþáguna uppfyllt sönnunarbyrðina skal landsbundna stjórnvaldið ákvarða hæsta verð umfram eitt eða bæði þökin sem sett eru fram í 1. mgr. sem væru ómissandi til að tryggja sjálfbærni verðlagningarlíkans söluaðilans fyrir innanlandsmarkað. BEREC-skrifstofan skal birta opinberlega viðmiðunarreglur um þá þætti sem landsbundin stjórnvöld skulu taka tillit til við mat sitt.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

„Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn 5. gr. a og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar og ráðstafanirnar til að tryggja framkvæmd ákvæða 5. gr. a eigi síðar en 15. maí 2019 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.“

6) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 10. gr.:

„5. Ákvæði 5. gr. a falla úr gildi 14. maí 2024.“

*51. gr.*

#### **Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 1211/2009 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

*52. gr.*

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2018.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. BOGNER-STRAUSS

*forseti*

## VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 1211/2009	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	1. mgr. 3. gr.
3. mgr. 1. gr.	2. og 3. mgr. 3. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 3. gr. og a- og b-liður 1. mgr. 4. gr.
2. gr.	4. gr.
3. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr.	6. gr.
2. mgr. 4. gr.	1., 2. og 4. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 4. gr.	4. og 5. mgr. 11. gr. og 36. gr.
4. mgr. 4. gr.	1., 2. og 3. mgr. 10. gr.
5. mgr. 4. gr.	4. mgr. 10. gr.
6. mgr. 4. gr.	11. gr.
7. mgr. 4. gr.	13. gr.
8. mgr. 4. gr.	4. mgr. 7. gr.
9. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 12. gr.
10. mgr. 4. gr.	3. mgr. 12. gr.
11. mgr. 4. gr.	5. gr.
5. gr.	4. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 6. gr.	5. gr.
3. mgr. 6. gr.	1. mgr. 14. gr.
4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 2. gr.
5. mgr. 6. gr.	20. og 31. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 7. gr.	32. gr.
3. mgr. 7. gr.	6. mgr. 20. gr.
4. mgr. 7. gr.	k-liður 1. mgr. 16. gr.
5. mgr. 7. gr.	13. gr.
8. gr.	32. gr.
9. gr.	20. gr.
1. mgr. 10. gr.	30. og 34. gr.
2. mgr. 10. gr.	j-liður 1. mgr. 16. gr.
3. mgr. 10. gr.	2. mgr. 16. gr.
4. mgr. 10. gr.	33. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1211/2009	Þessi reglugerð
11. gr.	25. gr.
12. gr.	24. gr.
13. gr.	26. gr.
14. gr.	—
15. gr.	29. gr.
16. gr.	43. gr.
17. gr.	5. mgr. 4. gr.
18. gr.	37. gr.
19. gr.	39. og 40. gr.
20. gr.	38. gr.
21. gr.	42. gr.
22. gr.	36. gr.
23. gr.	34. gr.
24. gr.	44. gr.
25. gr.	48. gr.
26. gr.	52. gr.